# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

182. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST 2019







# ÞÚ GETUR KOLEFNISJAFNAÐ ELDSNEYTISKAUPIN MEÐ OKKUR




*Lykil- og korthafar gefa eftir 2 krónur af afslætti*

*Olís greiðir 2 krónur á móti*

*4 krónur af hverjum lítra, fer til Landgræðslunnar*

Nú býður Olís viðskiptavinum að kolefnisjafna eldsneytiskaupin. Allir sem eru með lykil eða kort frá Olís og ÓB hafa nú val um að gefa eftir 2 krónur af föstum lítraverðsafslætti og við greiðum 2 krónur á móti. Þessi upphæð, 4 krónur af hverjum lítra, fer óskipt til Landgræðslunnar og nýtist þar í fjölbreytt verkefni á sviði kolefnisbindingar.

## Hvað er kolefni?

Kolefni (C) er eitt algengasta frumefnið og ein af undirstöðum alls lífs á jörðinni. Það finnst t.d. í líkama okkar, í trjám, mat, eldsneyti, demöntum o.fl. Kolefni myndar sameindir með öðrum efnum í margvíslegum efnasamböndum. Eitt dæmi um það er koltvísýringur eða $CO_2$. $CO_2$ í andrúmslofti er nauðsynlegt öllu lífi, en magn þess þarf að vera í jafnvægi. Við mennirnir höfum raskað þessu jafnvægi með stórfelldari losun gróðurhúsalofttegunda umfram það sem vistkerfi jarðar ná að taka upp.

## Hvað er kolefnisjöfnun?

Kolefnisjöfnun gengur út á að ná jafnvægi í kolefnisbúskap jarðarinnar og raska ekki hringrásum vistkerfanna. Of mikill koltvísýringur í andrúmslofti veldur gróðurhúsaáhrifum sem aftur valda hlýnun jarðar, sem er mikil ógn við allt líf á jörðinni. Mikilvægt er að binda áþekkt magn og losað hefur verið til að ná fram kolefnishlutleysi. Jarðvegur og gróður gegna lykilhlutverki í að binda kolefni.




**Skráðu þig fyrir kolefnisjöfnun á olis.is.**
**Þar geturðu jafnframt sótt um lykil eða kort.**

## Þrjár meginstoðir kolefnisbindingar

### 1 LANDGRÆÐSLA

Um fjórðungur losunar gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu er vegna eyðingar gróðurs og jarðvegs. Óvíða er slík eyðing meiri en á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að græða upp land þar sem gróðureyðing hefur orðið og breyta kolefnisbúskap gróðursnauðra svæða þannig að þau fari að binda kolefni.

### 2 SKÓGRÆKT

Skógareyðing veldur mikilli losun gróðurhúsalofttegunda. Á heimsvísu er lögð áhersla á endurheimt skóga til að auka bindingu kolefnis. Í starfi Landgræðslunnar er lögð áhersla á endurheimt birkiskóga. Birki myndar fræ um áratug eftir gróðursetningu og breiðist síðan hratt út með sjálfgræðslu. Endurheimt birkis er því hagkvæm leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### 3 ENDURHEIMT VOTLENDIS

Í votlendi og mýrum geymast lífrænar plöntuleifar sem ekki rotna. Votlendi er því mikilvæg geymsla kolefnis. Þegar skurður er grafinn í votlendi lækkar vatnsstaðan, súrefni kemst niður í svörðinn, kolefnið í mýrinni losnar og berst út í andrúmsloftið. Þegar fyllt er í skurði hækkar vatnsstaðan og kolefnislosun mýrarinnar stöðvast. Þess vegna vinnum við að endurheimt votlendis.

# FRÉTTABLAÐIÐ

182. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST 2019


## Áhættuálag gæti lagst á ný flugfélög

**VIÐSKIPTI** Ný íslensk flugfélög gætu horft fram á verri kjör hjá erlendum leigusölum vegna kyrrsetningar Isavia á Airbus-vél bandaríska félagsins ALC. Kyrrsetningin hafði neikvæð áhrif á Ísland sem flugrekstrarland að mati leigusalanna sem meta áhættu í starfsumhverfi flugfélaga þegar þeir ákvarða leigukjör.

> **Það er mat þeirra að þessar aðgerðir hafi haft neikvæð áhrif á Ísland sem flugrekstrarland.**



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir í samtali við Fréttablaðið að málið hafi borið á góma í samskiptum við erlenda leigusala. „Það er mat þeirra að þessar aðgerðir hafi haft neikvæð áhrif á Ísland sem flugrekstrarland og þá sérstaklega ný fyrirtæki sem eiga enga rekstrarsögu að baki,“ segir Bogi Nils. Hann gerir hins vegar ekki ráð fyrir að málið hafi teljandi áhrif á Icelandair eða þau leigukjör sem standa flugfélaginu til boða þar sem Icelandair sé eftirsóttur viðskiptavinur á markaðinum.

Spurður hvort erlendir leigusalar muni leggja áhættuálag á ný íslensk flugfélög segir Bogi Nils að svo geti verið. „Þetta virkar þannig að leigusalar eru með áhættunefndir sem meta hvað hefur gerst hjá fyrirtækjunum og í þeim löndum sem þau starfa í. Að mínu mati mun þetta hafa áhrif til hækkunar á íslensk flugfélög sem eru að hefja rekstur. Ég held að það sé engin spurning,“ segir Bogi Nils. **– þfh**

## Hinsegin dagar hefjast á hádegi

**SAMFÉLAG** Regnbogi verður málaður á Klapparstíg á hádegi í dag og markar það upphaf hinsegin daga, þeirra tuttugustu í röðinni.

„Nú munum við beina sjónum okkar að hinseginleikanum og atvinnulífinu og sýna að enn er langt í land að við náum fullu jafnrétti,“ segir Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður hinsegin daga. **– sa**





# Hvers virði er heita vatnið?

Sundlaugamenning er mikilvægur þáttur í íslenskri menningu og erlendir gestir heillast með. Náttúruböð eru vinsælasta afþreying ferðamanna og nýir baðstaðir bætast stöðugt við. Heit böð hafa jákvæð áhrif á heilsuna.

→ 10

## Bókunarvefir éta tekjur hótela

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta eru háar söluþóknanir og þær eru að éta töluvert fjármagn innan úr fyrirtækjunum,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, um bókunarþjónusturnar Booking og Expedia.



**Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.**

Hótelstjórar segja við Fréttablaðið að þeim sé stillt upp við vegg en að þeir treysti sér hins vegar ekki til þess að koma fram undir nafni vegna viðskiptalegra hagsmuna hótelanna. Bókunarsíðurnar refsi einfaldlega með því að færa auglýsingar neðar á leitarsíður ef hótelin fari ekki að vilja þeirra.

Íslensk hótel og önnur ferðaþjónustufyrirtæki eru háð bókunarþjónustunum þar sem allt að 90 prósent viðskiptanna fara fram.

Rætt hefur verið um að koma upp íslenskri bókunarvél en Jóhannes segir það kosta töluvert fé. Tómt mál sé að tala um að loka alfarið á Booking og Expedia. **– khg**

## Heimsmet sett í Laugardalnum

**TÓNLEIKAR** Það er komið að því. Ed Sheeran heldur tímamótatónleika á Laugardalsvelli um helgina. Þegar hefur verið sett Íslandsmet í miðasölu og stefnir í heimsmet –miðað við höfðatölu.



KYNNINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Ed Sheeran

FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST 2019

Ed Sheeran hefur verið á tónleikaferðalagi í tvö ár og spilað á 260 tónleikum um heim allan. Nú fer að styttast í lokin hjá kappanum því héðan heldur hann til Englands þar sem túrinn klárast.

Risatónleikar í Laugardalnum

Það er komið að því. Ed Sheeran heldur tímamótatónleika á Laugardalsvelli um næstu helgi, 10. og 11. ágúst. Það seldist upp á fyrri tónleikana á örskotsstundu og var þar með sett Íslandsmet í miðasölu. Aukatónleikum var bætt við daginn eftir sem þýðir að nú stefnir í heimsmet í miðasölu.

Ed Sheeran hefur þegar slegið tónleikamet sem hljómsveitin U2 átti. Söngvarinn hefur þénað meira á núverandi tónleikaferð sinni en írsku rokkararnir U2 gerðu þegar þeir settu heimsmetið. Tónleikatúr Eds Sheeran, Divide Tour, hófst í mars 2017 og mun klárast síðar í þessum mánuði í Chantry Park í Ipswich á Englandi. Ed þakkaði áheyrendum sínum á Instagram fyrir nokkrum dögum fyrir áhugann og aðsóknina. Hátt í tíu milljónir hafa séð hann á þessu ferðalagi þar sem hann hefur haldið 260 tónleika um allan heim.

Þegar tónleikaferðinni lýkur verður Ed búinn að túra í 893 daga sem er nýtt met. Þetta þykir ótrúlegt afrek hjá tónlistarmanninum sem er aðeins 28 ára. Þá hefur lagið No. 6 Collaborations Project setið nokkrar vikur á topplista breska vinsældalistans. Ed Sheeran er mest spilaði tónlistarmaður í útvarpi á Bretlandseyjum og hefur slegið enn eitt metið þar líka. Hann hefur selt meira en 150 milljónir hljómplatna um heim allan sem gerir hann að einum mest selda tónlistarmanni heims. Tvær plötur hans eru á lista yfir mest seldu plötur sögunnar í Bretlandi.

Ed Sheeran hefur unnið til margra viðurkenndra alþjóðlegra verðlauna. Áhorfendur á Laugardalsvelli geta farið að hlakka til að sjá þessa risastjörnu tónlistarsögunnar á sviði á Íslandi.

» Hátt í tíu milljónir hafa séð hann á þessu ferðalagi þar sem hann heldur 260 tónleika um allan heim.

Ed Sheeran hefur þénað meira á núverandi tónleikaferð en rokkararnir í U2 gerðu er þeir settu heimsmet. Hátt í tíu milljónir hafa séð Ed á 260 tónleikum um allan heim.

Er tónleikaferðinni lýkur verður Ed búinn að túra í 893 daga sem er nýtt met. **Sjá sérblað um Ed Sheeran**


LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

## Veður




Norðan 5-13 m/s, skýjað og rigning eða súld á köflum norðanlands, annars bjartviðri að mestu. Víða rigning norðan og austan til í dag. Hiti 5 til 17 stig. SJÁ SÍÐU 28



**Kristinn Sigurjónsson í dómsal í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTYGGUR ARI

# Kristinn áfrýjar til Landsréttar

**DÓMSMÁL** Háskólinn í Reykjavík var í dag sýknaður af öllum kröfum Kristins Sigurjónssonar, fyrrverandi lektors við skólann. Kristinn hyggst áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Landsréttar.

Kristinn, sem starfaði sem lektor við tækni- og verkfræðideild skólans, stefndi HR eftir að honum var sagt upp vegna ummæla um konur sem hann lét falla í lokuðum Facebook-hópi í október í fyrra. Kristinn fór fram á tæplega 57 milljónir vegna uppsagnarinnar og sagði hana ólögmæta.

> **Getur maður ekki átt von á öllu frá íslenskum dómstólum nú til dags?**
>
> Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Kristins Sigurjónssonar



Héraðsdómur sýknaði HR af kröfu Kristins. Kristinn sagði eftir dóminn að hann kæmi sér á óvart.

Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Kristins, segir að dómnum verði áfrýjað.

„Það stóð aldrei til að þetta færi svona,“ segir Jón Steinar. Hann svaraði spurningu um hvort niðurstaðan kæmi á óvart með annarri spurningu: „Getur maður ekki átt von á öllu frá íslenskum dómstólum nú til dags?“ **– vá**

# Samstillt átak fyrir Sheeran




**Tröllvaxið svið fyrir Ed Sheeran tekur nú á sig mynd á Laugardalsvelli. Sagt er að búnaður Sheerans vegi um 1.500 tonn. Búist er við þrjátíu þúsund gestum á laugardagskvöld og tuttugu þúsund á sunnudagskvöldið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir af tónleikasvæðinu eru á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



**Um 250 bátar eru á grásleppuveiðum í sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Meiri grásleppa og hærra verð

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli smábáta á grásleppu er betri í ár en í fyrra. Má gera ráð fyrir aflaverðmæti upp að 1,6 milljörðum króna.

Veiðum á grásleppu lýkur 13. ágúst. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir útlit fyrir að aflinn verði um fimm þúsund tonn.

„Það er mun betra en undanfarin ár,“ segir Örn. „Þá er verðið á aflanum betra en í fyrra. Það má gera ráð fyrir að aflaverðmætið í ár verði 60 prósentum hærra en í fyrra. Það verði í kringum 1,6 milljarðar.“ **– ab**

# Sumartengdar vörur rokseljast í blíðunni

Sala árstíðabundinna vara hefur margfaldast í sumar miðað við sumarið í fyrra, sala þeirra hefur aldrei verið meiri. Vörur sem nýtast til vökvunar hafa selst upp og veðurfarið virðist hafa jákvæð áhrif á framkvæmdagleði fólks.

**SAMFÉLAG** „Árið í fyrra var mjög óeðlilegt og þetta sumar er í rauninni líka mjög óeðlilegt, þetta eru svona kannski öfgarnar í báðar áttir. Núna er bara miklu meiri sala í öllu sem heitir garður, garðvörur, sumarbústaður, pallurinn og öllu sem lýtur að útivinnu,“ segir Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Húsasmiðjunnar.

Mikil aukning hefur orðið í sölu á sumarvörum bæði í Húsasmiðjunni og BYKO í sumar. Salan á vörum í þessum flokki jókst um 25 til 60 prósent í Húsasmiðjunni og allt upp í 200 prósent í BYKO, sé miðað við söluna síðasta sumar.

„Við störfum í mjög svo veðurtengdri atvinnugrein, sérstaklega þegar kemur að einstaklingsmarkaði. Sól og sumar eins og er búið að vera hjá okkur hefur mjög svo jákvæð áhrif á framkvæmdagleði fólks. Vöxturinn hefur verið mikill í flestum sumartengdum vöruflokkum,“ segir Sigurður Pálsson, forstjóri BYKO.

„Við sjáum líka að fólk er meira að ferðast innanlands og er að nýta góða veðrið til framkvæmda. Ég hef oft sagt að helsti keppinauturinn séu ferðaskrifstofur. Þegar við höfum upplifað vætusamt sumar þá er eins og fólk kjósi að nota frekar þá fjármuni sem voru ætlaðir til framkvæmda í sólarferðir,“ bætir Sigurður við en pallaolía, pallaefni og útimálning hefur selst eins og heitar lummur í sumar.

„Annað dæmi eru vökvunarvörur, sérstaklega hérna á höfuðborgarsvæðinu, garðúðarar og slöngur og svona, þetta var lengi vel uppselt hjá okkur. Í fyrra geymdum við þetta bara á lager yfir veturinn, þú þurftir ekkert vökvunarvörur í fyrrasumar, en núna hefur þetta selst upp og við þurft að panta meira,“ segir Kristinn Einarsson í Húsasmiðjunni.




**Sala á viðarvörn í BYKO hefur aukist um 200 prósent.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þú þurftir ekkert vökvunarvörur í fyrrasumar, en núna hefur þetta selst upp og við þurft að panta meira.**
>
> Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Húsasmiðjunnar



Veðurfar á landinu hefur verið með besta móti í sumar og mældust 194,6 sólarstundir í Reykjavík í júlí sem er rúmlega hundrað stundum fleiri en á sama tíma í fyrra. Sigurður tekur undir með Kristni og segir 200 prósenta söluaukningu á vörum í þessum flokki.

„Það er búið að vera mjög mikið að gera í þessu alveg síðan í lok apríl. Ekki bara í júní og júlí eins og vanalega heldur var þetta líka maí. Yfirleitt er þetta svo búið eftir verslunarmannahelgi en þegar veðrið er svona getur vel verið að þetta lengist,“ segir Kristinn.

**birnadrofn@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**NÝTT**
Húsasmiðjublað er komið út






# HÚSASMIÐJU DAGAR

Heimilið **klárt** fyrir **haustið**








« 20% • 25 … % • 35% »

Allt að
**50%**
**afsláttur**




30% afsláttur

**Nilfisk**
**10.995 kr**
~~15.995 kr~~
**Háþrýstidæla** C100.7-5
100 bör, 1.3kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga, click & clean kerfi.
5254200

**20% afsláttur**
af allri JOTUN viðarvörn, pallaolíu og pallahreinsi




8 kg

37% afsláttur

**gorenje**
**47.990 kr**
~~75.990 kr~~
**Þvottavél** WE843
1400 snúninga. Tekur 8 kg, 59DB í þvottakerfi, 77DB í vindu, utanmál, H: 85x B: 60xD: 54.5 cm, A+++.
1860075




30% afsláttur

NEO TOOLS




**31.995 kr**
~~45.495 kr~~
**Verkfæraskápur**
NEO, skápur á hjólum hjól með bremsum, hægt að læsa, 6 skúffur, hæð: 103, breidd: 68, dýpt: 46 cm, burðargeta 280 kg.
5024494

40% afsláttur

NEO TOOLS



**8.995 kr**
~~14.975 kr~~
**Topplyklasett**
NEO, 58 stk.,1/2".
Toppar 10-32 mm.
5052513

**25% afsláttur**
af öllum Orthex plaskössum og boxum



orthex

**25% afsláttur**
af **GROHE** og **Damixa** blöndunartækju



GROHE
damixa

**25% afsláttur**
af allri LADY málningu




**25% afsláttur**
af öllum Philips ljósum
Gildir ekki af Philips Hue



PHILIPS

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 **„Amma grét ein í hljóði í hjólastólnum sínum“** Barnabarn tæplega níræðrar konu hefur miklar áhyggjur af ömmu vegna manneklu á hjúkrunarheimilum.

2 **„Af hverju er enginn að vinna hérna?“** Anna Þóra Björnsdóttir, búðareigandi á Hverfisgötu, furðar sig á því hve fáir komi að framkvæmdum á gatnamótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis.

3 **Höddi Magg íhugar stöðu sína vegna ósæmilegra ummæla** Hörður Magnússon íþróttafréttamaður sættir sig ekki við ósæmileg ummæli á samfélagsmiðlum.

4 **Tvær milljónir hafa safnast fyrir Ólavíu** Olga Katrín hleypur fyrir litlu systur sína Ólavíu í Reykjavíkurmaraþoninu.

5 **WAB air komið með skrifstofu og starfsfólk** Stofnendur WAB air eru komnir með húsnæði fyrir nýtt flugfélag og eru byrjaðir að ráða starfsfólk.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Hótelstjórum stillt upp við vegg

**Hótelstjórar eru mjög ósáttir við háar söluþóknanir bókunarsíðnanna Booking og Expedia. Þeir eru þó háðir þeim að miklu leyti. Framkvæmdastjóri SAF segir að séríslensk bókunarsíða hafi komið til tals.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fréttablaðið hafði samband við nokkra hótelstjóra í Reykjavík, á Akureyri og Suðurlandi sem greiða 15 til 20 prósent sölulaun fyrir hverja bókun hjá Booking og Expedia. Vegna viðskiptalegra hagsmuna treystu þeir sér ekki til að koma fram undir nafni en ljóst er að háar söluþóknanir leggjast mjög þungt í þá.

„Okkur er stillt upp við vegg,“ segir hótelstjóri sem rekur lítið hótel á Suðurlandi. „Fyrstu árin var ég að greiða 20 prósent af hverri bókun og var að gefast upp. Þetta var ekki að reka sig.“ Hann segist vera háður bókunum einstaklinga því að hópbókanir á vegum ferðaskrifstofa hafi ekki verið nægilega áreiðanlegar. Nú fari á bilinu 80 til 90 prósent viðskiptanna í gegnum bókunarsíðurnar. Um tíma ákvað hótelstjórinn að fara í lægstu þjónustuleið, og 15 prósenta sölulaun, en þá voru auglýsingar hans færðar neðar á leitarsíðurnar. Ákvað hann því að fara aftur í dýrari þjónustuna en greiðir nú 18 prósent. „Þeir hafa algjört hreðjatak á okkur,“ segir hann.

Hótelstjóri sem rekur meðalstórt hótel á Akureyri segist greiða 15 prósenta sölulaun. „Það er nógu ógeðslega mikið. Svo ef maður auglýsir verð á eigin vefsíðu, sem er lægra en hjá þeim, þá setja þeir okkur neðar á leitarsíðunni. Þeir eru mjög fljótir að refsa,“ segir hann.

„Þessi háu sölulaun hafa verið rædd í langan tíma án ásættanlegrar niðurstöðu,“ segir hótelstjóri í Reykjavík. „Hótelstjórar hafa staðið upp á fundum og bent á fílinn í herberginu.“ Bendir hann á að erlendis greiði hótel allt niður í 12 prósenta sölulaun. „Þeir virðast komast upp með að rukka meira hérna.“



Allt að 90 prósent viðskipta íslenskra hótela fara í gegnum erlendar bókunarþjónustur. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Þetta eru háar söluþóknanir og þær eru að éta töluvert fjármagn innan úr fyrirtækjunum.**
>
> Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF



Evrópusambandið hefur gefið út viðvaranir um að Booking.com sé markaðsráðandi fyrirtæki og erfitt sé að snúa þróuninni við. Árið 2017 reyndu tyrknesk yfirvöld að stöðva bókanir fyrirtækisins þar í landi en enn geta útlendingar pantað tyrknesk hótelherbergi. Umsvif Expedia eru minni en fyrirtækið hefur verið að sækja í sig veðrið.

„Þetta eru háar söluþóknanir og þær eru að éta töluvert fjármagn innan úr fyrirtækjunum,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Bendir hann þó á að fólk verði að skoða hver markaðskostnaðurinn væri fyrir að fá viðskiptin inn á annan hátt.

Alvarlegast í málinu að mati Jóhannesar er hversu háð íslensk ferðaþjónustufyrirtæki eru bókunarþjónustum og því tómt mál að losna alfarið undan þeim. „Sniðganga þessara aðila myndi hafa víðtæk áhrif mjög hratt á alla ferðaþjónustuna.“

Jóhannes segir að til tals hafi komið að setja upp sérstakt bókunarkerfi fyrir Ísland, síðast hjá Ferðamálastofu síðastliðið haust. „Þá kemur alltaf upp spurningin: Hver á að borga fyrir bókunarvélina og markaðssetningu? Þetta er stærra mál en það hljómar,“ segir Jóhannes og bendir á að Booking og Expedia hjálpi einnig ferðaþjónustufyrirtækjum að auglýsa sig.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Tekjur minnka hjá Mannviti

**VIÐSKIPTI** Ráðgjafarfyrirtækið Mannvit hagnaðist um 27 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 32 milljónir á árinu 2017 og 339 milljónir árið 2016.

Mannvit hefur skrifstofur í Noregi, Bretlandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Tekjur samstæðunnar námu 5.253 milljónum króna 2018 og drógust saman um 9 prósent milli ára. Þá drógust rekstrargjöld saman um 7 prósent og voru 5.217 milljónir í fyrra.

Stjórnarlaun og laun forstjóra voru 60 milljónir króna í fyrra en 39 milljónir 2017. Í ársreikningi Mannvits er í því samhengi vísað til uppgjörs við fyrrverandi forstjóra.

Þá fækkaði hluthöfum Mannvits um 26 á milli ára. Þeir voru 68 í árslok 2018. Stærsti hluthafinn er einkahlutafélagið M2015 sem fer með 15,8 prósenta hlut en aðrir hluthafar eiga minna en 3 prósent hver. **– þfh**

# Þurfa ekki að svara kröfubréfum frá þýsku fyrirtæki

**VIÐSKIPTI** Bréf hafa verið send á fyrirtæki á Íslandi þar sem þau eru krafin um að gefa upp virðisaukaskattsnúmer í tengslum við persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins.

Ekki eru þekkt dæmi um að fyrirtæki hér á landi hafi svarað bréfum af þessu tagi, en eigandi lítils fyrirtækis í Reykjavík sem Fréttablaðið ræddi við segist hafa talið í fyrstu að þetta væri frá opinberum aðila. Fyrirtækið sem sendi það bréf heitir VRE og er með aðsetur í Hamborg í Þýskalandi.

Í smáa letrinu kemur fram að með því að svara bréfinu skuldbindur viðkomandi fyrirtæki sig til að greiða 711 evrur, eða rúmar 97 þúsund krónur, árlega í þrjú ár og þarf að senda skriflega uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara.

Persónuvernd kannast ekki við málið og segir skráningu af þessu tagi ekki tengjast lögum um persónuvernd. „Upplýsingar um fyrirtæki, einar og sér, heyra þannig almennt ekki undir persónuverndarlöggjöfina,“ segir í svari Persónuverndar við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Eins og fram kemur í bréfinu sjálfu er skráin sem um ræðir ekki tengd Evrópusambandinu. Veffangið sem gefið er upp endar vissulega á .eu, en það getur hver sem er orðið sér úti um það.“



Bréf VRE til lítils fyrirtækis hefði kostað mikið fé ef því hefði verið svarað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Monika Ziegelmüller, stjórnandi VRE, segir málið mjög einfalt. „Við sendum bréf á valin fyrirtæki sem við höfum upplýsingar um.“

Aðspurð hvað fyrirtæki fái fyrir að greiða þeim 711 evrur segir Ziegelmüller að þau fái skráningu hjá VRE. „Við birtum nafn fyrirtækisins á vefnum okkar, einnig skjáskot af heimasíðunni þeirra. Við erum ekki opinber stofnun, fyrirtæki þurfa ekki að taka þátt, ef þau vilja ekki taka þátt þá geta þau hundsað bréf frá okkur.“ **– ab**





ISBAND
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Óskar eftir skýrslu um fjórða orkupakkann



Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins.

**ORKUMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins, hefur óskað eftir því að skýrsla eða greinargerð verði unnin um áhrif fjórða orkupakkans.

Í erindi sem Gunnar Bragi sendi utanríkismálanefnd óskar hann eftir því að Friðrik Árni Friðriksson Hirst og Stefán Már Stefánsson hafi aðkomu að verkefninu, en þeir unnu álitsgerð um þriðja orkupakkann að beiðni utanríkisráðuneytisins.

Ráðherraráð Evrópusambandsins samþykkti fjórða orkupakkann í maí síðastliðnum og tekur hann gildi í ESB um áramótin, hafa þá aðildarríkin 18 mánuði til innleiðingar. Í tilviki Íslands fer hann inn á borð sameiginlegu EES-nefndarinnar til að meta hvort innihaldið fellur undir EES-samninginn. Vill Gunnar Bragi að gerð verði grein fyrir þeim áhrifum, bæði í ESB og á Íslandi, sem innleiðing fjórða orkupakkans mun hafa á regluverk þess þriðja. **– ab**

Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!




Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

## Auglýsing um skráningu og próf til viðurkenningar bókara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2019 sem hér segir:

- **Prófhluti I:** Reikningshald og upplýsingatækni 10. október 2019 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. október 2019.
- **Prófhluti II:** Skattskil 21. nóvember 2019 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 7. nóvember 2019.
- **Prófhluti III:** Raunhæft verkefni 14. desember 2019 – prófið hefst kl. 12 og stendur til kl. 17. Eindagi greiðslu prófgjalds er 2. desember 2019.

**Skráningu í öll próf fer fram samtímis (allir prófhlutar) og lýkur þann 9. september 2019.** Skiptir ekki máli hvort próftaki ætlar að taka eitt próf eða öll. Ekki er hægt að skrá sig í próf eftir að skráningarfresti lýkur. Próftakar bera sjálfir ábyrgð á því að skrá sig í próf.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 686/2015 um próf til viðurkenningar bókara og til prófefnislýsingar prófnefndar viðurkenndra bókara. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstökum prófum. Prófefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar viðurkenndra bókara á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins: https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/bokhald/vidurkenndir-bokarar/

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Lágmarkseinkunn til að standast einstaka prófhluta er 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í vegna meðaleinkunn (lokaeinkunn) úr öllum prófhlutum.
Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 37.500. Eigi er skylt að standa fyrir prófi nema a.m.k. 30 þátttakendur hafi skráð sig í próf. Ef próftökugjald er ekki greitt á eindaga þá fellur niður próftökuréttur.

Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftaki sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir próftakar skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is eða á heimasíðu framkvæmdaraðila prófanna www.promennt.is

*Reykjavík, 9. júlí 2019*
*Prófnefnd viðurkenndra bókara*



**Jänschwalde-raforkuverið í Þýskalandi brennir kolum og losar 25 milljónir tonna af $CO_2$ árlega.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjárfesti ekki í vinnslu jarðefnaeldsneytis

Lýðræðisfélagið Alda og umhverfissamtök krefja íslensk fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði um svör við því hvort þau fjárfesti í sjóðum eða fyrirtækjum sem koma að kolefnisvinnslu. Svörin eru birt á heimasíðunni fjarlosun.alda.is.

**UMHVERFISMÁL** „Miðað við allar þessar fjárfestingar sem settar eru í leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis þá stefnir bara í óefni hvað loftslagsmálin varðar,“ segir Guðmundur Hörður Guðmundsson, stjórnarmaður í Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði.

Alda í samstarfi við Landvernd, Foreldra fyrir framtíðina og Unga umhverfissinna krefur íslensk fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóði um svör varðandi fjárfestingar þeirra í kolefnisvinnslu. Spurningar voru sendar til 45 aðila um miðjan júní og hafa nú borist 16 svör.

„Við eigum ekki að vera að nota lífeyrissparnaðinn okkar í að grafa undan framtíð barnanna okkar. Það virkar frekar sérkennileg stefna. Þetta er ekkert umdeilt lengur hvernig staðan er í loftslagsmálum. Við bara horfum upp á það,“ segir Guðmundur.

Guðmundur Hörður segir aðstandendur verkefnisins vilja draga tvennt fram í dagsljósið. Annars vegar hvort fjármálafyrirtæki hafi sett sér stefnu um að fjárfesta ekki í sjóðum og fyrirtækjum sem tengist leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis og hins vegar hvort þau eigi fé bundið í slíkum aðilum.

Verkefnið er að erlendri fyrirmynd og tengist hreyfingu sem kennir sig við slagorðið „Keep it in the ground“ sem vísar til að halda eigi jarðefnaeldsneytinu í jörðinni. Guðmundur kynntist þessum hugmyndum fyrir nokkrum árum þegar bandaríski rithöfundurinn og umhverfissinninn Bill McKibben kom til Íslands á vegum Landverndar.

„Þetta hefur undið upp á sig síðan þá og þessi umræða fengið aukið brautargengi. Við erum svona að nema land hér með þessa hugmynd sem hefur verið í gangi mjög víða um heim. Þess vegna snúum við okkur til þeirra sem við vitum að hafa úr miklu að spila hvað varðar fjárfestingar erlendis,“ segir Guðmundur.

Hann segir suma aðila hafa verið fljóta til að svara og eigi það sérstaklega við minni lífeyrissjóði og tryggingafélög. „En það vantar ennþá svör frá stórum lífeyrissjóðum og öllum bönkunum. Eins finnst okkur sum svör ekki fullnægjandi og ekki hægt að lesa út úr því hvort aðilar eigi fjármagn bundið í svona fyrirtækjum.“

Margir sjóðir hafi þó sett sér einhvers konar stefnu en Guðmundur bendir á að það fari ekki endilega alltaf saman við framkvæmdina.
**sighvatur@frettabladid.is**

### Ekki nóg að hætta vinnslu jarðefnaeldsneytis

Þau orkuver, farartæki og innviðir sem framleiða og nota jarðefnaeldsneyti munu á líftíma sínum losa 650 milljarða tonna af $CO_2$. Það er nægt magn til að koma í veg fyrir að markmið um að hlýnun jarðar verði ekki meiri en 1,5 gráður náist.

Þetta sýnir rannsókn bandarískra og kínverskra vísindamanna en niðurstöðurnar voru birtar í vísindaritinu Nature í síðasta mánuði. Þar kemur einnig fram að miðað við þær tillögur og áætlanir sem nú liggi fyrir varðandi nýtingu jarðefnaeldsneytis, geti 200 milljarðar tonna af $CO_2$ bæst við.

Þannig telja vísindamennirnir ekki nægja að hætta allri uppbyggingu innviða sem notist við jarðefnaeldsneyti, heldur þurfi að draga verulega úr líftíma þeirra sem þegar eru til staðar.

# Mótmælendur mættu Trump í Dayton

**BANDARÍKIN** Mótmælendur sem kröfðust aðgerða gegn byssuofbeldi mættu Donald Trump Bandaríkjaforseta þegar hann mætti til Dayton í Ohio í gær til að hitta fórnarlömb skotárásarinnar þar um síðustu helgi. Tíu létust, þar á meðal árásarmaðurinn, og 27 særðust í árásinni í Dayton.

Talið er að árásarmaðurinn hafi aðhyllst sósíalisma, satanisma og hafi tengsl við hina svokölluðu Incel-hreyfingu.

Trump fór síðan til El Paso í Texas þar sem 22 létust í skotárás liðna helgi og 24 særðust í verslun Walmart. Árásarmaðurinn þar hefur varið Trump á samfélagsmiðlum og talað um „innrás“ innflytjenda.

Joe Biden, forsetaefni Demókrata, flutti ræðu í Iowa þar sem hann fordæmdi Trump fyrir að „kynda undir kynþáttafordómum“. Trump fordæmdi kynþáttafordóma í ræðu á mánudaginn en hann hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki talað gegn byssueign almennings.

Trump mun einnig hitta lögreglu- og sjúkraflutningamenn sem brugðust við skotárásunum. „Þeirra starf var alveg stórkostlegt. Alveg stórkostlegt,“ sagði Trump við blaðamenn áður en hann hélt af stað.

Mótmælendur héldu uppi skiltum þar sem byssuofbeldi er fordæmt. Mótmælin beindust einnig að Trump sjálfum. „Gerðu eitthvað,“ stóð á stóru skilti við flugvöllinn þar sem forsetavélin lenti. **– ab**



**Trump Bandaríkjaforseti fór í gær til Dayton og El Paso.** NORDICPHOTOS/GETTY

# ESTĒE LAUDER

## KAUPAUKINN ÞINN Í HAGKAUP

8. - 14. ÁGÚST




**15% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM ESTÉE LAUDER VÖRUM OG GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR EF KEYPTAR ERU ESTÉE LAUDER VÖRUR FYRIR 8.900 KR EÐA MEIRA*.

Estée Lauder fæst í Hagkaup Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.




*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Sidekick fær innspýtingu frá Novator

**Novator og tengdir fjárfestar hafa aukið hlutafé SidekickHealth um 100 milljónir króna. Fyrirtækið hefur landað stórum samningum við alþjóðlega lyfjarisa. Stærri hlutafjáraukning áformuð undir lok árs.**



Tryggvi Þorgeirsson segir að fjármagnið verði meðal annars nýtt til að ráða fleiri starfsmenn til fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Novator og tengdir fjárfestar hafa lokið við hundrað milljóna króna innspýtingu í íslenska heilbrigðistæknifyrirtækið SidekickHealth en fjárfestahópurinn hefur lagt fyrirtækinu til hundruð milljóna frá stofnun þess. SidekickHealth er komið með annan fótinn inn um dyr alþjóðlega lyfjabransans eftir að hafa byrjað farsælt samstarf við tvö af fimm stærstu lyfjafyrirtækjum heims. Áformuð er önnur og stærri hlutafjáraukning undir lok árs.

SidekickHealth hefur þróað svokallaða stafræna heilbrigðismeðferð, þar sem tækninni er beitt til að bæta meðferð fólks með langvinna sjúkdóma svo sem sykursýki, bólgusjúkdóma og hjarta- og æðasjúkdóma. Félagið var stofnað árið 2013 af tveimur læknum, þeim Tryggva Þorgeirssyni og Sæmundi Oddssyni. Tryggvi segir í samtali við Fréttablaðið að tæknin grundvallist á hugmyndinni um fyrirbyggjandi læknisfræði.

„Strax eftir útskrift úr læknisfræðinni árið 2008 fann ég á eigin skinni að við læknar erum stöðugt að slökkva elda sem í mörgum tilfellum er hægt að fyrirbyggja. Það skýtur skökku við að samfélagið fjárfestir 80 prósent af heilbrigðisútgjöldum í að meðhöndla afleiðingar lífsstílstengdra sjúkdóma en aðeins 1,6 prósent af útgjöldum eru nýtt í fyrirbyggjandi aðgerðir. Til að fyrirbyggja og meðhöndla þessa lífsstílstengdu sjúkdóma þarf að virkja sjúklingana sjálfa til að breyta um lífsstíl, tryggja meðferðarheldni og svo framvegis. Þar stendur hnífurinn í kúnni því við höfum einfaldlega ekki fjármagn eða starfsfólk til að sinna því sem skyldi inni á heilbrigðisstofnunum, enda þarf tuga klukkustunda meðferðarsamband til þess. Fjöldi einstaklinga með þessa lífsstílstengdu sjúkdóma er svo mikill að ómögulegt er að ná því án hjálpar tækninnar og þar komum við til sögunnar,“ segir Tryggvi.

### Klínískar niðurstöður lykillinn

Eitt af því sem hefur skapað SidekickHealth sérstöðu er að fyrirtækið var stofnað af læknum og því var lögð áhersla á að tæknin byggði á heilbrigðisvísindum. Því er öfugt farið hjá mörgum fyrirtækjum af svipuðum meiði, að sögn Tryggva, sem eru stofnuð af tæknifólki. Í kjölfar betaútgáfu árið 2015 var ákveðið að ráðast í klínískar rannsóknir sem sýndu góðar niðurstöður og voru fyrstu niðurstöður kynntar á vísindaþingi í Bandaríkjunum árið 2017.

„Það að vera með sterkar klínískar niðurstöður færði okkur strax upp um flokk og þannig náðum við samningi við eitt af fimm stærstu lyfjafyrirtækjum heims á síðasta ári í tengslum við nýja lyfjameðferð við tilteknum bólgusjúkdómi. Í vor var SidekickHealth notað samhliða lyfjameðferð hjá fyrstu sjúklingum á vegum þess fyrirtækis og niðurstöðurnar sem við fengum í kjölfarið voru frábærar. Allt sem við mældum batnaði: Sjúklingar fundu fyrir meiri orku, þeim leið betur, þeir mundu betur að taka lyfin sín og þeir voru virkir alla meðferðina. Það var ekki síður mikilvægt að notendur sögðust vera betur í stakk búnir til að takast á við þær áskoranir sem fylgja sjúkdómnum, sama hvort er í vinnu eða einkalífi. Lyfjafyrirtækið var hæstánægt með niðurstöðurnar og við erum núna á lokastigi vinnu við rammasamning sem útvíkkar samstarfið til fleiri landa og á fleiri sjúkdómaflokka,“ segir Tryggvi, en samstarfið verður kynnt í haust.

> **Það að vera komin með samninga við tvö af stærstu lyfjafyrirtækjunum breytir öllum forsendum í viðræðum við næstu lyfjafyrirtæki.**
>
> Tryggvi Þorgeirsson, stofnandi

### Gríðarmikill ávinningur

SidekickHealth náði síðan samningi við annað af stærstu lyfjafyrirtækjum heims fyrir samstarf í tengslum við hjarta- og æðasjúkdóma, og er í viðræðum við fleiri. Í lyfjabransanum felast stór tækifæri en Tryggvi segir að lyfjarisarnir sjái mikinn hag í því að auka árangur af lyfjameðferðum með því að virkja sjúklinga á meðan á meðferðinni stendur.

„Það að vera komin með samninga við tvö af fimm stærstu lyfjafyrirtækjunum breytir öllum forsendum í viðræðum við næstu lyfjafyrirtæki. Samningarnir eru gæðavottorð og nú erum við komin í viðræður við flest af stærstu fyrirtækjunum. Þau sjá tækifæri í að stórbæta árangurinn af lyfjameðferðunum sem tryggir þeim samkeppnisforskot og getur aukið endurgreiðslur frá tryggingafyrirtækjum á réttum forsendum, nefnilega betri meðferðarárangri. Fyrir hvert prósentustig sem árangurinn fyrir eitt lyf batnar getur ávinningurinn numið um 20-60 milljónum dala á ári,“ segir Tryggvi.

„Sjúklingurinn er sá sem græðir mest vegna þess að útkoma meðferðarinnar verður betri þegar tekið er á vandanum með heildstæðum hætti. Það er kjarninn í okkar starfi og möguleikarnir eru gríðarmiklir.”

Novator og tengdir fjárfestar eru núna að setja um 100 milljónir króna í aukið hlutafé en þeir hafa verið leiðandi fjárfestar SidekickHealth frá upphafi ásamt Frumtaki II, auk þess sem verkefnið hefur fengið stuðning frá Tækniþróunarsjóði. Fjármagninu verður meðal annars varið í að ráða í átta ný sérfræðistörf. Undir lok árs verður síðan ráðist í aðra og stærri hlutafjáraukningu þar sem núverandi hluthafar sjá fram á að taka þátt en einnig er horft til þess að fá einn eða tvo erlenda sjóði í hluthafahópinn.

**thorsteinn@frettabladid.is**






# Heita vatnið heilar og heillar

**Mikil hefð hefur verið fyrir sundlaugaferðum í gegnum tíðina á Íslandi enda víðast nóg af heitu vatni. Heita vatnið er mikil blessun í köldu landi eins og Íslandi og varð bylting í húshitun með hitaveitu. Sundlaugar hafa alltaf verið samkomustaður og vettvangur líkamsræktar en nú eru þær ekki síður mikilvægar fyrir fólk til þess að leika sér í vatnsrennibrautum eða til slökunar í heitum pottum. Náttúrulaugar hafa einstakt aðdráttarafl.**




Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is


Ísland skrúfar frá sjarmanum ekki síst þar sem heita vatnið og náttúran falla saman í eitt og sífellt fleiri sækja náttúruböð heim. En hvert er aðdráttarafl heita vatnsins fyrir ferðamenn? Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri svarar spurningunni um hvers virði heita vatnið er fyrir Ísland sem ferðamannastað.

„Þetta er mjög áhugaverð spurning en ég veit ekki til þess að það sé búið að magntaka þessi atriði. Maður sér það bara í ferðaþjónustunni hvað þessar laugar hafa mikið aðdráttarafl en ég þekki enga rannsókn sem kemur inn á þetta,“ segir hann.

„Ef litið er yfir túrismann á Íslandi er fjárfestingin, fyrir utan hótelbyggingar, í svona verkefnum kannski hvað mest,“ segir hann og bendir á nýja fjárfestingu fyrir austan en Vök baths, náttúrulaug við Urriðavatn nærri Egilsstöðum, var opnuð í síðasta mánuði. Sjóböðin við Húsavík eru dæmi um aðra nýlega fjárfestingu en þau voru opnuð í fyrra og Krauma í Borgarfirði hóf síðan rekstur 2017. Fleiri náttúruböð eru væntanleg bæði í borg og sveit; Fjallaböð eru í bígerð í Þjórsárdal og nýr baðstaður og heilsulind bætast við Kársnesið árið 2021. Flestir þekkja síðan Bláa lónið og velgengni þess og Jarðböðin við Mývatn hafa enn fremur komist rækilega á ferðaþjónustukortið sem og Laugarvatn Fontana.

„Þarna er vaxtarbroddurinn, alveg klárlega. Ég veit ekki betur en að þessum fyrirtækjum gangi vel og þetta sé að standa undir fjárfestingunni,“ segir Skarphéðinn.

**Náttúruböðin vinsælasta afþreyingin**

Í þessum laugum rennur saman í eitt náttúran og áhugi ferðamanna á jarðhita. Þó að heita vatnið hafi ekki verið metið í krónum og aurum leiddi nýbirt könnun Ferðamálastofu í ljós að náttúruböð voru vinsælasta afþreying erlendra ferðamanna árið 2018 en 56,8% nýttu sér náttúruböð. Spameðferð er næst á listanum en 47,2% létu dekra við sig og sund er í fjórða sæti með 37,7%.

*Ættu Íslendingar að vera að gera eitthvað meira með þennan áhuga ferðamanna á náttúruböðum og laugum?*

„Það er alveg hellingur sem er gerður í kringum þetta en það er engin spurning að það eru sóknarfæri í kringum svona „spa“ og vellíðan,“ segir hann.

**Mikill laugamaður**

Aðspurður segist Skarphéðinn sjálfur vera mikill laugamaður.

„Ég er mjög hrifinn af þessari menningu. Ég er nýbúinn að ferðast um Vestfirði og ég held ég hafi farið í laug á hverjum degi,“ segir hann en daginn áður en samtalið fór fram laugaði hann sig í heitu pottunum í Drangsnesi. „Það er mjög skemmtilegt fyrirbæri; það eru þrír pottar niðri við sjávarmálið og það var fullt af fólki þarna. Ég fór í Krossneslaug daginn eftir en hún er alveg með ólíkindum. Þar var margt fólk. Daginn þar á undan var ég í Heydal í Mjóafirði en þar er líka laug. Á öllum þessum stöðum var fólk sem lét sér líða vel og hvíldi lúin bein eftir að hafa verið að þvælast í gönguferðum eða hvað það hefur verið að gera.“

Íslendingar telja gjarnan laugarferðir til lífsgæða og erlendu ferðamennirnir virðast skynja þetta líka.

„Til viðbótar er félagslegi þátturinn,“ segir Skarphéðinn um baðferðirnar. „Þarna hittist fólk sem þekkist ekki neitt og spjallar saman. Þannig eru laugarnar.“

Til viðbótar við uppbyggingu síðustu ára á náttúruböðum ýmiss konar eru tugir náttúrulauga um land allt í mismunandi ástandi. Sumar hafa verið byggðar upp á meðan aðrar eru ónothæfar eða ekki aðgengilegar almenningi. Einhverjar laugar eru þekktar úr Íslendingasögunum og hafa því landar okkar fyrr á öldum þekkt kosti þess að baða sig í heitu vatni en laugar voru líka notaðar til þvotta.

**Örvaði lítt til óklæddrar útivistar**

Á söguöld voru laugar notaðar til baða samkvæmt Íslendingasögum, Sturlungu og Biskupasögum. Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur gerði skemmtilega yfirlitsskrá yfir sögulegar laugar í byggð fyrir Orkustofnun þar sem fram kemur að laugar hafi frá upphafi landnáms verið notaðar til baða. Það

Framhald á síðu 12

## Fjölskylduvænir pöbbar

Sýnt hefur verið fram á mikilvægi góðra félagslegra tengsla við hamingju og hið hefðbundna pottaspjall ýtir sannarlega undir þessi tengsl og bætir þar með andlega heilsu. Bretar fara gjarnan út á pöbbinn til að njóta samvista með fjölskyldu og hitta nágranna en hér eru sundlaugarnar ekki síður mikilvægur áfangastaður fyrir sama verk. Á meðan börnin leika sér situr fullorðna fólkið í heitu pottunum og ræðir við ókunnuga jafnt sem kunnuga og hafa sprottið upp ýmsir vinaklúbbar í kringum pottaferðir. Hvort sem fólk vill bara spjalla eða lætur nuddstútinn buna á sig eftir hressan sundsprett er víst að heiti potturinn er sannkallaður suðupottur mannlífsins. Það er líka alltaf gott veður í heita pottinum.



Í Róm voru um 170 baðhús á 1. öld f. Kr. og fór fjölgandi. Keisararnir Neró, Títus, Trajanus, Caracalla, Diocletianus og Konstantínus mikli létu allir byggja stórfengleg baðhús. Stærstu baðhúsin gátu tekið á móti allt að 4.000 gestum í einu.

**Ég er nýbúinn að ferðast um Vestfirði og ég held ég hafi farið í laug á hverjum degi.**



Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri

**2,3 milljónir**

Árið 2018 komu 2.275.700 gestir í sundlaugarnar í Reykjavík. Fyrstu sex mánuðina í ár hafa komið 1.173.000 gestir í laugarnar, 40.000 fleiri en á sama tíma í fyrra.

**100 sundlaugar**

Nærri 100 sundlaugar eru á landinu samkvæmt vefnum Sundlaugar.is og eru þá ótaldar einhverjar smærri laugar og skólalaugar. 17 laugar eru skráðar á höfuðborgarsvæðinu, 10 á Vesturlandi, 12 á Vestfjörðum, 8 á Norðurlandi vestra, 18 á Norðurlandi eystra, 10 á Austurlandi, 17 á Suðurlandi og 5 á Reykjanesi.

**4-5 tonn**

Íslensk heimili nota árlega að meðaltali 4-5 tonn af heitu vatni á hvern $m^2$ húsnæðis. Stærsti hlutinn fer í húshitun, eða um 90% af notkuninni.



**Heimild:** Veitur.is, Visindavefur.is, Akureyri.is, Ferðamálastofa, ÍTR



# VIKU TAX FREE

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

## Allar vörur á taxfree tilboði*



* **Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema vörum frá Iittala og Skovby og jafngildir 19,35% afslætti.**
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

*Upplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Tilboðið gildir frá 8. til 14. ágúst 2019.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Baðmeðferðir

Það hefur löngum verið þekkt að mannfólkið nýti sér heitt vatn til þess að baða sig og hreinsa; ef ekki fékkst heitt vatn var það hitað til þess að geta nýtt það í þessum tilgangi. Þeir sem voru svo heppnir að búa nálægt heitum uppsprettum þurftu ekki að hita vatnið og nýttu sér það með ýmsum hætti. Með aukinni þekkingu hefur komið í ljós að hitinn er aðeins hluti af því sem á að gera manni gott, steinefni og ýmis önnur efni hvort heldur sem er í heitu eða köldu vatni eru einnig talin hafa áhrif á líf og líðan fólks.

Spa-menning ýmissa landa, þar með talið hér á Íslandi, er vel þekkt og líklega eru þau lönd sem líkjast okkar landi varðandi heitar uppsprettur líkt og Japan með einna lengsta sögu um notkun á heitu vatni. En í Mið-Evrópu er algengt að vatns- og baðmeðferðir séu hluti af því að viðhalda heilsu fólks og jafnvel niðurgreiddar af sjúkrasamlagi viðkomandi landa. Vissulega hefur verið mikið atriði að sýna fram á með vísindalegri nálgun að hollt sé að baða sig í ákveðnu vatni sem og hitastigi, en það hafa komið fram nokkuð áhugaverðar rannsóknir sem styðja slíkt. Fæstir velkjast í vafa um þau áhrif sem slökun í heitum potti getur haft á einstaklinga almennt, en það er áhugavert að skyggnast í fræðin á bak við þetta.

Balneotherapy og Hydrotherapy eru nálganir í því sem kalla mætti óhefðbundin læknisfræði og hafa á síðustu áratugum verið að fá aukna athygli vísindamanna og ætla ég að tæpa á nokkrum af þeim jákvæðu atriðum sem hafa verið birt í þessu samhengi. Margar þessara rannsókna hafa verið gerðar á dýrum í tilraunaskyni til að lýsa áhrifum en nokkrar hafa einnig verið framkvæmdar á mönnum.

Annars vegar er verið að horfa til eingöngu hita sem áhrifavalds en svo einnig innihalds vatnsins sem og sérstaklega í samhengi hvors tveggja. Það sem hefur sýnt sig í þessum birtu rannsóknum er að steinefni og brennisteinssameindir virðast gera gagn. Í dýratilraunum sýndi sig að hitaálag vegna meðferðar sem er stillt upp með mismunandi hætti, en algengast eru regluleg böð í ákveðinn tíma, alla jafna 5-30 mínútur í senn nokkra daga í röð, hafði áhrif á bólguþætti, samsetningu blóðfitu og bættan sykurbúskap svo dæmi séu tekin. Varðandi menn eru til rannsóknir sem sýna betra ástand sykursýki, lækkun á bólguþáttum í blóði, áhrif á ofþyngd, aukinn liðleika í liðum og vöðvum sem og minni verki og svo framvegis.

Þá eru til ýmiss konar nálganir á inntöku en niðurstaðan virðist vera mestmegnis að áhrif heits og hvera- eða steinaefnaríks vatns séu á ónæmiskerfið með ræsingu og dempun á efnum sem taka þátt í bólguferlum líkamans. Þessar aðferðir hafa allar í gegnum tíðina verið nátengdar slökun í einhverju formi sem augljóslega er af hinu góða, bætir svefn og skýrir hugann hjá velflestum. Ekki veitir af í nútímasamfélagi, sem er jafn ríkt af heitum uppsprettum, sundlaugar á hverju strái hér sem og heitir pottar í sumarbústöðum og á heimilum, að hvetja til notkunar á þeim í heilsubætandi tilgangi hjá sem flestum aldurshópum, en þess má geta að forvarnir og meðhöndlun sjúkdóma og hrörnunar á grunni lífsstíls eru mikilvægasta áskorun allra heilbrigðiskerfa heimsins í dag auk hækkandi aldurs. Ef við getum notað það sem náttúran réttir okkur til aðstoðar þar þá eigum við að grípa það fegins hendi og ýta undir.

**Hitinn er aðeins hluti af því sem á að gera manni gott, steinefni og ýmis önnur efni hvort heldur sem er í heitu eða köldu vatni eru einnig talin hafa áhrif á líf og líðan fólks.**



Teitur Guðmundsson
læknir
Doktor.is

Framhald af síðu 10

er rétt hægt að ímynda sér hversu góð tilfinning það hefur verið að komast í heitt bað eftir hrakningar á heiðarvegum á hestum, á tíma þegar það var ekki sjaldgæft að fólk yrði hreinlega úti.

„Sumar laugar virðast hafa rúmað nokkurn mannfjölda og verið samkomustaðir til skemmtunar líkt og sólarstrandir nútímans þar sem glaumgosar (t.d. Kjartan Ólafsson) og glæsikvendi (t.d. Guðrún Ósvífursdóttir)“ voru, stendur í skránni en laugin sem þau sóttu var ein sú þekktasta, Sælingsdalslaug við norðanverðan Hvammsfjörð.

Þvottalaugarnar þjónuðu líka þessu samkomuhlutverki, allavega á 18. öld, samkvæmt Eggerti Ólafssyni og Bjarna Pálssyni. Á þeirri öld var kuldaskeið á landinu sem eins og Freysteinn ritar, „örvaði lítt til óklæddrar útivistar“ en galdratrúin á 17. öld og heittrúarstefnan á 18. öld „réðu í hugum og hjörtum þjóðarinnar, sem stemmdi gegn öllum strípagangi úti á víðavangi“.

Væntanlega væri hægt að byggja upp fleiri laugar á fornum og nýjum slóðum. Reykjadalur er dæmi um stað þar sem aðstaða hefur verið bætt en stöðugur straumur ferðafólks er þar a.m.k. á sumrin enda rúmar áin marga, öfugt við smærri náttúrulaugar.

### Í baðspor sögunnar

Dæmi um forna laug þar sem vel hefur tekist til við að skapa nýjan áfangastað er Grettislaug á Reykjaströnd í Skagafirði, þar eru reyndar tvær laugar, önnur stærri og hin minni. Nú hlýja ferðamenn sér á sama stað og Grettir yljaði sér eftir að hafa synt til lands úr Drangey.

Fleiri baðstaðir hafa sprottið upp af gömlum rótum; nú baða Íslendingar sig við ljósa sandströnd í Nauthólsvík með góðri aðstöðu til pottaferða. Guðlaug á Akranesi hlýjar sjósundsfólki á Langasandi.

Stöðum sem þessum gæti fjölgað. Reykjavíkurborg skipaði fyrir nokkrum árum starfshóp til að móta framtíðarsýn um sundlaugar Reykjavíkur til næstu tuttugu ára. Leiðarljós framtíðarsýnarinnar var lífsgæði borgarbúa og sérstaða Reykjavíkurborgar og tækifæri sem áfangastaður ferðamanna.

Í skýrslunni sem starfshópurinn skilaði frá sér árið 2013 var mælst til „að hugað verði að annars konar lausnum og nýtingu á heita vatninu til baða en hefðbundnum sundlaugum í borginni, til dæmis náttúrulaugum af ýmsu tagi, hafnarlaug, uppsprettum, sjósundsaðstöðu og fleiru“. Efst á lista í fjárfestingaráætlun hópsins var viðbygging við Sundhöllina sem nú hefur orðið að veruleika.

Fyrir örfáum árum hefðu fæstir trúað því að strandlíf gæti orðið hluti af tilveru landsins. Núna virðast möguleikar til baðferða nánast endalausir og það lítur út fyrir að laugamenning Íslendinga muni bara styrkjast í sessi á komandi árum.

# 56,8%

**Náttúruböð voru vinsælasta afþreyingin hjá erlendum ferðamönnum 2018 en 56,8% nýttu sér þjónustu þeirra og 37,7% fóru í sund en sundferð var í fjórða sæti.**



# 100

**lítrar**

Til að fylla baðkar þarf um 100 lítra af hitaveituvatni og álíka mikið af köldu vatni. Í Reykjavík kosta 100 lítrar af heita vatninu í kringum 14 krónur.

Einhverjar nýjustu og flottustu vatnsrennibrautir á landinu eru Trektin og Flækjan í sundlauginni á Akureyri, sem trekkja að margt ferðafólk. Hæð á uppgönguturni er 14 metrar, þvermál röranna er 90-120 cm og heildarlengd 135 metrar.

## Heitt bað í staðinn fyrir líkamsrækt?

Ástæða þess að svo margir sækjast eftir því að fara í heitt bað er að það eykur vellíðan og tilfinningin er að það hafi jákvæð áhrif á heilsuna. Nú virðist sem það séu vísindi á bak við þessa tilfinningu. Vísindafólk við Loughborough-háskóla í Bretlandi, sem sérhæfir sig í íþróttarannsóknum, rannsakaði áhrifin sem heitt bað hefur á stjórn blóðsykurs og á brennslu. Rannsóknin náði til 14 manna sem annaðhvort fóru í 40°C heitt bað eða hjóluðu í klukkustund. Tilgangurinn var að hækka líkamshita um 1°C í báðum hópum. Mælt var hversu mörgum kaloríum mennirnir brenndu í hvoru tilfelli. Einnig var blóðsykurinn mældur í sólarhring á eftir.

### Áhrif á blóðsykur

Kannski kemur ekki á óvart að þeir sem hjóluðu brenndu fleiri kaloríum en hinir en þó kom í ljós að þeir sem fóru í heitt bað brenndu álíka mörgum kaloríum og í hálftíma göngu, eða um 140 kaloríum. Bæði uppátækin höfðu álíka mikil áhrif á blóðsykurinn nema hvað að blóðsykurinn var 10% lægri klukkustund eftir máltíð hjá baðhópnum miðað við hjólahópinn. Vísindafólk háskólans segir að þessi óvirka hitun eins og í heitum potti, öfugt við virka hitun með hreyfingu, sé ennþá nokkuð óránnsakað viðfangsefni en fyrstu niðurstöður séu spennandi. Slík hitun hafi t.d. áhrif til hins betra á bólguviðbrögð í líkamanum. Aðrar nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós eins og t.d. hjá Oregon-háskóla í Bandaríkjunum að regluleg heit böð geti lækkað blóðþrýsting. Önnur ný rannsókn varpaði ljósi á að heitt bað hefði góð áhrif á blóðflæði hjá þeim sem þjást af skertu blóðflæði í fótum.

Fyrsta rannsóknin af þessu tagi var gerð í Bandaríkjunum árið 1999 en þar var til skoðunar áhrifin sem þriggja vikna heita potts-meðferð hefði á fólk sem greint var með sykursýki 2. Hún leiddi í ljós jákvæð áhrif á stjórnun blóðsykurs og minnkaða þörf fyrir insúlín. Loughborough-háskóli vonast til þess að niðurstöður þeirra endurveki áhuga á rannsóknum á þessu sviði. Þangað til annað kemur í ljós er alveg víst að það er óhætt að njóta þess að dýfa sér í heita pottinn og njóta stundarinnar.

KJARAVEXTIR – NÝJUNG Í BÍLALÁNUM

# Helmingi lægri vextir!

## KJARAVEXTIR 3,95%

### HYUNDAI KYNNIR KJARAVEXTI
### NÝJA LEIÐ TIL FJÁRMÖGNUNAR

Kjaravextir Hyundai eru hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Þú greiðir lægri vexti, enga verðtryggingu, ekkert lántökugjald og lægri mánaðarlegar afborganir. Eignamyndun verður þannig hraðari og endanlegur kostnaður á lánstíma getur orðið meira en helmingi lægri en af hefðbundnu bílaláni. Fjármögnunarhlutfall getur verið allt að 90% en það helgast af lengd lánstíma. Kynntu þér Kjaravexti Hyundai á www.bl.is eða hjá sölumönnum okkar hjá Hyundai Kauptúni.

- **Fastir vextir**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert lántökugjald**
- **Lægri mánaðargreiðsla**
- **Miklu lægri kostnaður**

### HYUNDAI TUCSON
Dísil, sjálfskiptur, 4WD

VERÐ FRÁ: **5.090.000 kr.**

| KJARAVEXTIR | | BÍLALÁN* | |
|---|---|---|---|
| Mánaðarl. afb. | 65.658 kr. | Mánaðarl. afb. | 73.542 kr. |
| Heildar lántökukostn. | 376.480 kr. | Heildar lántökukostn. | 740.177 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn. | 4,09% | Árl. hlutfallst. kostn. | 9,11% |

### HYUNDAI i20
Bensín, beinskiptur

VERÐ FRÁ: **2.390.000 kr.**

| KJARAVEXTIR | | BÍLALÁN* | |
|---|---|---|---|
| Mánaðarl. afb. | 30.893 kr. | Mánaðarl. afb. | 34.628 kr. |
| Heildar lántökukostn. | 180.580 kr. | Heildar lántökukostn. | 351.950 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn. | 4,18% | Árl. hlutfallst. kostn. | 9,24% |



ENNEMM / SÍA / NM95100

*Allir útreikningar á greiðslum í auglýsingunni miðast við 30% innborgun og 70% fjármögnun til 5 ára. Útreikningur BÍLALÁNA miðast við lægstu auglýstu vexti lánastofnunar sem í boði eru fyrir 70% lánshlutfall eða 7,4% vexti, 3,0% lántökugjald og 2.500 kr. þinglýsingargjald dags. 01.08.2019. Nánari upplýsingar og útreikninga má sjá á www.bl.is. Kjaravextir Hyundai gilda ekki með öðrum tilboðum.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

KJARAVEXTIR – NÝJUNG Í BÍLALÁNUM

# Kauptu nýja
# helmingi læ

# KJARAVEXTIR

## BL KYNNIR KJARAVEXTI
## NÝJA LEIÐ TIL FJÁRMÖGNUNAR

Kjaravextir BL eru hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Þú greiðir lægri vexti, enga verðtryggingu, ekkert lántökugjald og lægri mánaðarlegar afborganir. Eignamyndun verður þannig hraðari og endanlegur kostnaður á lánstíma getur orðið meira en helmingi lægri en af hefðbundnu bílaláni. Fjármögnunarhlutfall getur verið allt að 90% en það helgast af lengd lánstíma.

**Kynntu þér Kjaravexti BL á www.bl.is eða hjá sölumönnum okkar.**

### NISSAN LEAF
100% rafmagn

VERÐ FRÁ: **4.390.000 kr.**

| | KJARAVEXTIR | BÍLALÁN* |
|---|---|---|
| Mánaðarl. afb. | 56.645 kr. | 63.454 kr. |
| Heildar lántökukostn. | 325.700 kr. | 639.525 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn. | 4,11% | 9,13% |




### RENAULT CAPTUR
Bensín, sjálfskiptur

VERÐ FRÁ: **3.690.000 kr.**

| | KJARAVEXTIR | BÍLALÁN* |
|---|---|---|
| Mánaðarl. afb. | 47.632 kr. | 53.365 kr. |
| Heildar lántökukostn. | 274.920 kr. | 538.874 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn. | 4,12% | 9,15% |




ENNEMM / SÍA / NM95025


**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# an bíl á
# gri vöxtum!

## 3,95%

- Fastir vextir
- Engin verðtrygging
- Ekkert lántökugjald
- Lægri mánaðargreiðsla
- Miklu lægri kostnaður

### NISSAN QASHQAI
Dísil, beinskiptur
VERÐ FRÁ: **4.050.000 kr.**

| KJARAVEXTIR | BÍLALÁN* |
|---|---|
| Mánaðarl. afb ........ 52.267 kr. | Mánaðarl. afb. ........ 58.533 kr.. |
| Heildar lántökukostn...... 301.020 kr. | Heildar lántökukostn....... 590.637 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn........ 4,11% | Árl. hlutfallst. kostn........ 9,14% |




### NISSAN MICRA
Bensín, beinskiptur
VERÐ FRÁ: **2.640.000 kr.**

| KJARAVEXTIR | BÍLALÁN* |
|---|---|
| Mánaðarl. afb ........ 34.112 kr. | Mánaðarl. afb. ........ 38.231 kr. |
| Heildar lántökukostn....... 198.720 kr. | Heildar lántökukostn....... 387.897 kr. |
| Árl. hlutfallst. kostn........ 4,17% | Árl. hlutfallst. kostn........ 9,22% |




*Allir útreikningar á greiðslum í auglýsingunni miðast við 30% innborgun og 70% fjármögnun til 5 ára. Útreikningur BÍLALÁNA miðast við lægstu auglýstu vexti lánastofnunar sem í boði eru fyrir 70% lánshlutfall eða 7,4% vexti, 3,0% lántökugjald og 2.500 kr. þinglýsingargjald dags. 01.08.2019. Nánari upplýsingar og útreikninga má sjá á www.bl.is. Kjaravextir BL gilda ekki með öðrum tilboðum.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Snarbratt Stálfjall

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Skammt frá Rauðasandi á sunnanverðum Vestfjörðum er 650 m hátt Stálfjall. Eins og nafnið gefur til kynna er það snarbratt og minnir lagskipt stálið á stafla af pönnukökum. Um Stálfjall lá áður gönguleið milli Rauðasands og Barðastrandar sem bæði þótti erfið og hættuleg yfirferðar. Út frá Stálfjalli gengur klettum prýtt nes, Skor. Þarna var löngum eitt afskekktasta býli á Íslandi en í dag stendur eftir reisulegur viti. Í þröngri klettavíkinni var hættuleg lending en þaðan sigldi Eggert Ólafsson náttúrufræðingur í sína hinstu för með brúði sína þegar bátur þeirra fórst á Breiðafirði 1768. Matthías Jochumsson gerir þessum voveiflega atburði skil í frægu ljóði: „Þrútið var loft og þungur sjór, þokudrungað vor. Það var hann Eggert Ólafsson, hann ýtti frá kaldri Skor.“

Í Stálfjalli eru mikil surtarbrandslög en austan undir Skorarhlíðum eru leifar af námum þar sem surtarbrandur var unninn 1916-1918. Surtarbrandur var notaður til hitunar í stað kola og þegar mest lét voru þarna fimm námagöng, þau lengstu 80 m og störfuðu hátt í 40 manns við vinnsluna. Hún lagðist þó fljótt af, ekki síst vegna þess hversu erfitt var að flytja surtarbrandinn úr námunum bæði sjó- og landleið. Hægt er að skoða surtarbrandsnámurnar og kynnast tilkomumiklu Stálfjallinu í leiðinni.

Gönguleiðin hefst við Melanes á Rauðasandi og liggur fram hjá Sjöundá, býli þar sem ein frægustu morð Íslandssögunnar voru framin 1802 og Gunnar Gunnarsson gerir skil í skáldsögu sinni Svartfugli. Frá Sjöundá liggur leiðin upp Sjöundárdal uns komið er að Ölduskarði í Stálfjalli. Þar býðst frábært útsýni yfir Breiðafjörðinn og norðanvert Snæfellsnes. Til að komast niður í Stálvík er haldið niður Skorarhlíðar og þræddar klettasyllur í austurátt uns komið er að bröttum grasbrekkum sem teygja sig nánast niður í fjöru. Þar er gangamunni sem oft felur sig á bak við hvönn og gras. Tilvalið er að taka með sér vasaljós og fara inn í námurnar til að virða fyrir sér surtarbrandslögin. Öruggast er að halda sömu leið til baka en fyrir vant göngufólk er hægt að hækka sig aftur og þræða einstigi í vestur að Skor og þaðan áfram eftir ströndinni að Sjöundá. Þessa heimleið er þó ekki ráðlegt að fara nema með staðkunnugum og er ekki fyrir lofthrædda, frekar en gangan niður Skorarhlíðar að Stálvík.



Fókus á hjarta landsins



Stálfjall er tignarlegt og bratt. Surtarbrandsnámurnar eru til vinstri niðri við sjávarmál. MYNDIR/ÓMB



Það er upplifun að koma inn í surtarbrandsnámu.



Til að komast niður að surtarbrandsnámunum verður að þræða skemmtileg einstigi.




# TÖSKUR Í ÚRVALI!

## ALLAR SKÓLATÖSKUR 25% AFSLÁTTUR

Beckmann



Bakpoki (22L)
**TILBOÐSVERÐ: 15.149.-**
Verð áður: 20.199.-

JEVA



Bakpoki (16 - 21L)
**TILBOÐSVERÐ: 15.149.-**
Verð áður: 20.199.-

PULSE



Bakpoki 2 in 1 (19L)
**TILBOÐSVERÐ: 12.749.-**
Verð áður: 16.999.-

PULSE



Bakpoki Biocolor (19L)
**TILBOÐSVERÐ: 6.749.-**
Verð áður: 8.999.-

PULSE



Bakpoki (19L)
**TILBOÐSVERÐ: 7.499.-**
Verð áður: 9.999.-

PULSE



Bakpoki Element (19L)
**TILBOÐSVERÐ: 7.499.-**
Verð áður: 9.999.-

Beckmann



Bakpoki Urban (19L)
**TILBOÐSVERÐ: 15.149.-**
Verð áður: 20.199.-

Beckmann



TILBOÐSVERÐ:
9.999.-
Verð áður:
20.199.-

Bakpoki (30L)

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir til og með 12. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Á göngu



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Nútímamaðurinn kallar yfir sig alls kyns böl með kæruleysislegu líferni sínu. Hann kann sér ekki hóf og hámar í sig mat með þeim afleiðingum að hann tútnar út. Þannig er offita böl víða um heim, ekki síst meðal barna og unglinga. Þennan vanda má ekki alltaf ræða því um leið og ákveðnir einstaklingar heyra orðið offita rísa þeir upp og æpa: Fitusmánun! Það gól breytir samt ekki óþægilegum staðreyndum.

Nútímamaðurinn er latur við að hreyfa sig. Það er segin saga að ef hann getur komist hjá því að ganga stekkur hann upp í bíl sinn sem hann ann hugástum. Hann er síðan háður alls kyns tækjum og tólum og fyllist gríðarlegum aðskilnaðarkvíða gleymi hann að taka með sér ástvin sinn, símann. Þar sem nútímamaðurinn sækir alla jafna ekki í frið og ró þá er ekkert einkennilegt að hann skuli þjást af streitu, kvíða og þunglyndi og leggist reglulega undir sæng til að vorkenna sjálfum sér sárlega – og taki síðan töflu til að ná að festa blund.

Með reglulegu millibili vara læknar og sérfræðingar við hættunum af öllum þeim lífsstílstengdu sjúkdómum sem herja á nútímamanninn í velferðarsamfélagi. Þeir eru iðnir við að benda á að margt meinið megi laga með aðeins skárra líferni en á þá er ekki nægilega hlustað. Maðurinn hefur nefnilega sérstaklega mikla hæfileika til að gera sér lífið erfitt, án þess að átta sig á því. Leiðir sem hann telur í skammsýni vera þær auðveldustu og þægilegustu teyma hann í þveröfuga átt. Ef hann á nóg að borða þá borðar hann of mikið. Ef hann þarf að komast á milli staða fer hann á bílnum, það hvarflar ekki að honum að ganga því það tekur svo mikinn tíma. Hann eyðir ógrynni af tíma í snjalltækjum og á fjölda vina á Facebook sem hann hittir nær aldrei. Á sumum svokallaðra vina sinna þar kann hann lítil sem engin skil. Hann vill bara hafa sem flesta þarna svo hann geti safnað lækum og sannfærst um eigið ágæti. Skrýtið samt að hann skuli telja allt þetta uppskrift að hamingju.

Margt í samtíma okkar er vanmetið. Eitt af því eru göngutúrar. Ef einhver skyldi hafa gleymt því skal rifjað upp að þeir fara þannig fram að einstaklingur gengur um leið og hann virðir fyrir sér umhverfið og horfir jafnvel til himins. Hann finnur hvernig þreyta hverfur og nýjar hugmyndir kvikna. Honum líður alveg ljómandi og víst er að hann þarf enga töflu til að festa svefn um kvöldið. Temji hann sér þennan lífsstíl og gæti um leið hófs í mataræði og helli ekki í sig áfengi eða seilist í dóp þá er ansi ólíklegt að hann muni þjást af fimm krónískum sjúkdómum um og eftir sjötugt, eins og hendir svo marga.

Gríski læknirinn Hippókrates, sem kallaður er faðir læknisfræðinnar, mun hafa sagt að ganga væri besta meðalið. Hann lést um 377 fyrir Krist, en nútímalæknar munu varla geta haldið því fram að þarna hafi lærifaðir þeirra verið á villigötum. Einnig þeir mæla með hreyfingu því hún bætir heilsu, kveikir nýjar hugmyndir og lyftir andanum.

**Þá er ansi ólíklegt að hann muni þjást af fimm krónískum sjúkdómum um og eftir sjötugt.**






### Halldór




## Frá degi til dags

**Miðflokkur í startholunum**

**Það eru ekki margir dagar í að Alþingi komi saman aftur til að uppfylla loforð sitt við Miðflokkinn. Miðflokkurinn leyfði þingmönnum að fara í sumarfrí í síðari hluta júní í skiptum fyrir að fá síðsumarþing í ágúst til að halda áfram umræðum um þriðja orkupakkann. Með öðrum orðum, Miðflokkurinn fékk meira en mánuð til að undirbúa heila viku fyrir sjálfan sig á Alþingi. Miðað við hversu meistaralega Miðflokksmenn hafa staðið sig til þessa í að höfða til íhaldssamra kjósenda, og engra annarra, þá má gera ráð fyrir því að þeir séu í startholunum með stóra sýningu þegar þeir fá sviðið út af fyrir sig.**

**Fleiri mál**

**Veislan sem við megum búast við frá Miðflokknum mun innihalda meira en að þeir tali sig hása um þriðja orkupakkann á nóttunni. Stóra kjötmálinu var frestað fram á haust en innflutningur á fersku kjöti er eitur í beinum grasrótar Framsóknarflokksins. Í gær óskaði svo Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins, eftir skýrslu um fjórða orkupakkann. Sá pakki hefur reyndar ekki tekið gildi í löndum ESB og alls óljóst hvað af honum ratar inn í EES-samninginn. En hann mun rata inn í umræður á Alþingi, það er deginum ljósara.**

arib@frettabladid.is

## Stærri og sterkari sveitarfélög



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Sveitarfélögin gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir stjórnskipan landsins og lýðræði. Þau eru ein elsta skipulagseining landsins. Fyrstu rituðu heimildirnar um hreppa er að finna í Grágás, lögbók Íslendinga frá 12. öld, en þar er talað um að í löghreppi skuli vera 20 bændur eða fleiri. Nýrri skipan var komið á með tilskipun frá Kristjáni IX. Danakonungi 4. maí 1872 en fyrstu sveitarstjórnarlögin voru sett árið 1905.

Það má segja að hver tími hafi sín einkenni. Um eða upp úr þarsíðustu aldamótum tók sveitarfélögum að fjölga. Flest urðu sveitarfélögin 229 en á seinni hluta aldarinnar var farið að leggja aukna áherslu á sameiningu sveitarfélaga og auka hlutverk þeirra í opinberri stjórnsýslu. Fækkaði sveitarfélögum úr 157 um miðbik síðustu aldar og eru þau 72 í dag. Meira en helmingur hefur færri en 1.000 íbúa sem hægt er að halda fram að séu vart sjálfbærar einingar.

Í nýrri tillögu til þingsályktunar, sem ég mun kynna fyrir ríkisstjórn á fundi hennar í Mývatnssveit í dag, er í fyrsta skipti sett fram heildarstefna um sveitarstjórnarstigið. Tillagan er sprottin upp úr víðtæku samráði um land allt. Meginmarkmiðið er að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og að sjálfsstjórn og ábyrgð sveitarfélaga sé virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun með 11 aðgerðum. Ein aðgerðin felur í sér að lágmarksíbúamark verði að nýju sett í sveitarstjórnarlög, önnur fjallar um aukinn stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar og sú þriðja miðar að því að lækka skuldaviðmið sveitarstjórnarlaga. Þá felur ein aðgerð í sér eflingu rafrænnar stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga.

Hér er um tímamót að ræða sem fela í sér stórtækar umbætur í opinberri stjórnsýslu sem eflir sveitarstjórnarstigið. Tillagan verður kynnt í samráðsgátt stjórnvalda síðar í dag og hvet ég landsmenn alla til að kynna sér efni hennar vel og senda inn umsagnir.

**Hér er um tímamót að ræða sem fela í sér stórtækar umbætur í opinberri stjórnsýslu sem eflir sveitarstjórnarstigið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Horfin tíð á Hornströndum

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Hesteyri – Margrét Magnúsdóttur á Sæbóli í Aðalvík sendi Vilmundi Jónssyni landlækni, afa mínum, bréf 1945 og segir þar:

**Í sárri neyð**

„Ég sný mér nú til yðar í sárri neyð okkar hér sem á þessum hala landsins búum og bið yður í nafni guðs að senda okkur lækni þó ekki væri nema yfir vetrarmánuðina því þeir eru okkur erfiðastir, bæði hvað tíðarfar og allar samgöngur varðar. Við getum ekki alltaf sótt hjálp til Ísafjarðar þó líf liggi við og þó að við kvörtum og þurfum á hjálp að halda. Það er ekki alltaf hægt að sinna okkur hér sökum veðurfars og annarra aðstæðna.

Hér sem annars staðar hefur verið mikið um vesöld í haust. Ég á dreng 12 ára og telpu 10 ára sem bæði hafa verið mikið veik. Fyrst fengu þau einhvers konar taugatruflun eða hjartveiki og voru lengi lasin af því og hafa ekki náð sér enn. Síðar fengu þau uppköst og vellu í hálsinn, verk í höfði sem lagði ofan í hálsinn aftan. Ég veit ekki hvað þetta hefur verið, en fleiri tilfelli hafa komið hér af þessu tagi. Og einn ungur drengur varð hálfmáttlaus í handlegg og var lasleiki hans svipaður og í mínum börnum að öðru leyti en því að þau urðu ekki máttlaus. Við vorum hálfhrædd við þetta og báðum Baldur Johnsen á Ísafirði að koma og athuga þetta, en sökum annríkis gat hann ekki sinnt því, hefur meira en nóg að gera maðurinn sá. Það er ekki alltaf hægt að rjúka með mikið veikt fólk til Ísafjarðar, t.d. konur sem ekki er hægt að hreyfa fyrir blóðlátum. Þetta hefur komið fyrir hér og ekki fyrir löngu síðan.

Drengur sem ég á 15 ára gamall sem var við vinnu uppi á fjalli nú um tíma kom heim í dag töluvert meiddur á fæti. Hvern á að sækja til að athuga meiðsli? Mér finnst hann óbrotinn en finn vanmátt minn til að athuga þetta fyllilega þó drengurinn treysti mér fyllilega. Ekki er til neins að síma um svona hluti. Við höfum aðeins einn lækni og það er guð en það er ekki alltaf nóg. Já og nei. Það deyr svo margur að enginn hjálpar. Gætuð þér nú ekki haft einhver áhrif í þá átt að útvega okkur góðan lækni er fengist til að vera hér í vetur þó ekki væri til lengri tíma. Þetta er óbærilegt eins og það hefur verið og er nú.“

**Átthagaást**

„Þér getið sagt sem svo: Það er enginn að biðja fólk að vera þarna þar sem enginn menntaður maður vill vera eða getur þrifist. En það er nú svo. Það hafa ekki allir ástæður né löngun til að rífa sig upp með rótum þaðan sem þeir einu sinni eru búnir að hreiðra um sig bara til að elta fjöldann og læknana. Það getur annað afl verið sterkara sem við köllum átthagaást, en hún getur líka e.t.v. stundum verið of dýru verði keypt, þessi tryggð við það sem við köllum heima og þá lífsvenju að vera okkar eigin húsbændur og sækja ekki vinnu til annarra.

Jæja Vilmundur. Þá fer ég að hætta þessum bréfaskriftum. Þetta er orðið lengra en ég hafði hugsað mér í fyrstu. Víkin mín er nú að klæðast haustfötunum og sjórinn er farinn að hækka raustina og sendir freyðandi hvítar öldur upp að grundinni sem húsið okkar stendur á. Þar sat einu sinni lítill drengur og lék sér með ofurlítinn seppa er ég átti. Þá var sól og sumar, ég var að vinna í garðholunni minni og virti unga manninn fyrir mér þar sem hann horfði út á spegilsléttan sjóinn og hversu mjúklega hann lét sér að hundinum mínum. Skyldi honum þykja eins gaman að sjá sjóinn þegar hann er sem reiðastur og víkin öll eitt brot svo að löðrið teygir sig upp á græna, slétta blettinn sem hann hvíldi á þá? Þennan dreng áttuð þér. Þér voruð þá hér á ferð og hann var með yður. Guð blessi hann og yður.

Ég hef enga afsökun fyrir þessu masi mínu, get tæplega búist við að þér lesið það til enda, bið velvirðingar á því sem er ábótavant. Ég vona að þér gerið allt sem þér getið til að útvega okkur lækni.

*Með vinsemd og einlægri virðingu.*
*Margrét Magnúsdóttir, Sæbóli, Aðalvík.*“






# Innleiða þarf hringrásarhagkerfið í byggingariðnaðinn



**Vigdís Bergsdóttir**
BSc. byggingarverkfræði



**Dagur Bollason**
MSc. borgarstefnumótun





**Ef við ætlum að ná markmiðum okkar í Parísarsamkomulaginu verður byggingariðnaðurinn að aðlaga sig að hringrænu kerfi þar sem byggingarefni er notað aftur og aftur í hringrás. Það er hægt bæði með beinni endurnýtingu eða með endurvinnslu þar sem gæði skerðast ekki.**

Hringrásarhagkerfið hefur verið mikið í umræðunni síðastliðin ár sem arftaki línulega hagkerfisins og snýst um að aðlaga það að náttúrulegum ferlum. Í náttúrunni er ekkert sem heitir rusl en sá úrgangur sem fellur til er liður í hringrás – visnað lauf fellur til jarðar og verður að endingu mold.

**Hringrásarhagkerfið**

Hringrásarhagkerfið er tegund hagkerfis þar sem vörum og efni er haldið í notkun með endurnýtingu, viðgerðum og endurvinnslu. Þar er litið á úrgangsmyndun sem hönnunargalla þar sem efniviður er í stöðugri hringrás og á sér því ekki lokastöð eins og til dæmis í landfyllingu.

Deilihagkerfið fellur síðan undir endurnýtingu þar sem nýting vara er hámörkuð með því að fólk deili þeim á milli sín. Dæmi um deilihagkerfi á Íslandi er til dæmis Tool Library á Granda þar sem verkfæri eru lánuð eins og á bókasafni gegnum sjálfbært viðskiptamódel. Nytjamarkaðir sem selja notaðan varning eru dæmi um endurnýtingu þar sem nýting vara eykst við endursölu og þar með þarf minna af auðlindum fyrir nýja hluti.

**Byggingariðnaðurinn mikilvægastur**

Á Íslandi er byggingariðnaðurinn ábyrgur fyrir gríðarlegri notkun auðlinda og myndun úrgangs. Um helmingur auðlindanýtingar jarðar kemur frá byggingariðnaðinum og telur hann um 40% úrgangs í Evrópu. Hins vegar er þetta talsvert flóknara en t.d. í matvælaiðnaðinum því vistferill bygginga er langur, illa rekjanlegur og með mörgum ólíkum hagsmunaaðilum. Ef við ætlum að ná markmiðum okkar í Parísarsamkomulaginu verður byggingariðnaðurinn að aðlaga sig að hringrænu kerfi þar sem byggingarefni er notað aftur og aftur í hringrás. Það er hægt bæði með beinni endurnýtingu eða með endurvinnslu þar sem gæði skerðast ekki.

Á World Circular Economy Forum 2019 kom fram að 10-15% af byggingarefni er sóað í Evrópu meðan á framkvæmd stendur, en einnig kom fram að 60% af skrifstofurýmum eru ekki í notkun og helmingi Evrópubúa finnst þeir búa í of stóru húsnæði.

**Niðurvinnsla**

Umfang úrgangs er í raun ágæt mæling á það hversu skilvirk notkun samfélagsins á auðlindum og efniviði er. Í dag er hún mjög óskilvirk en árið 2018 bárust Sorpu 263 þúsund tonn af rusli og má gróflega áætla að um 40% af því komi frá byggingariðnaðinum. Enginn hefur formlegt eftirlit með byggingarúrgangi og athugar hvort hann sé flokkaður rétt. Grænni byggð fór í vettvangsferð í Álfsnes í maí síðastliðnum og þar gátum við séð þessa sóun með berum augum. Ónotaðir einingaveggir, rör, timbur, tankar og margt fleira sem hefði auðveldlega geta farið í endurnýtingu eða viðgerð var á leið í landfyllingu. Þessi úrgangur hefur aldrei verið kortlagður almennilega en ljóst er að mest af þeirri „endurvinnslu“ sem á sér stað er í raun niðurvinnsla (e. down-cycling) sem þýðir að efniviðurinn tapar gæðum sínum. Gler er eitt af þessum efnum sem hægt er að endurvinna aftur og aftur án þess að það tapi gæðum sínum. Hins vegar er það ekki gert því það mögulega vantar hvata til þess að koma slíkri starfsemi af stað og hagnaður af því fæst aðeins til langs tíma.

Það eru til ýmsar lausnir til þess að varðveita gæði byggingarefna og með því að nýta þær getum við verið minna háð innflutningi á byggingarefni.

Ef verktaki rífur niður byggingu þá er enginn ákveðinn farvegur til fyrir endurnotkun á t.d. gluggum og hurðum nema verktakinn finni not fyrir það sjálfur eða þekki til einhvers sem gæti nýtt það. Fyrir litlar framkvæmdir eru til vettvangar á netinu og sölustaður eins og Efnismiðlun Sorpu þar sem hægt er að endurselja.

**Lausnir?**

Það þarf að finna lausnir sem virka hérlendis. Í byrjun næsta árs verða komnar leiðbeiningar um meðhöndlun byggingarúrgangs frá Mannvirkjastofnun en þær eru einn liður í allsherjar átaki sem þarf að eiga sér stað. Það sem vantar nú eru stærri geymslusvæði til að geyma endurnýtanlegan efnivið. Íslendingar eru þekktir fyrir skapandi hæfileika sína og líklega vantar ekki hugmyndaflugið fyrir endurnýtingu heldur meiri aðgang að endurnýtanlegu efni. Opinber innkaup gætu einnig hjálpað innleiðingu hringrásarhagkerfisins með því að kaupa til landsins byggingarvörur úr hringrænu og umhverfisvænu framleiðsluferli. Hönnun bygginga þarf einnig að taka allan vistferil bygginga inn í myndina, sérstaklega viðhald og niðurrif. Rannsóknarverkefnið Building as Material Banks vinnur að því og hefur komið fram með ýmsar lausnir og alþjóðasamtökin World Green Building Council nýta einnig tengslanet sitt til þess að hafa áhrif á byggingariðnaðinn.

Það er mikilvægt að nýta betur það sem nú þegar hefur verið byggt og forðast óþarfa niðurrif og nýbyggingu. Sem dæmi var gömlum heimavistum Héraðsskólans í Reykholti í Borgarfirði breytt í Edduhótel sem starfa í dag sem Fosshótel. Í Hollandi var gerð tilraun þar sem leikhús var nýtt fyrir kennslustofur háskóla á daginn þegar starfsemin var lítil sem engin. Deilihagkerfið getur verið frábær lausn gegn neyslumenningu því það þurfa ekki allir að eiga hluti eins og verkfæri eða vinnurými. Þegar munir eru leigðir út er hagstæðast að geta leigt sem flestum í sem lengstan tíma sem gerir það að verkum að hagstæðara verður að framleiða vandaða hluti sem endast lengi og viðhalda þeim. Þetta hefur verið gert með byggingaríhluti þar sem ljósaframleiðandi selur ljós sem þjónustu en ekki vöru.

Ljóst er að lausnirnar eru margar og núna er tími til þess að koma þessu í framkvæmd í hinu byggða umhverfi því það er til mikils að vinna ef við ætlum að ná markmiðum Parísarsáttmálans og vinna að sjálfbærri auðlindanotkun.

*Höfundar eru starfsmenn hjá Grænni byggð (Samtökum um vistvæna þróun byggðar)*

# Læknaritari – heilbrigðisgagnafræðingur



**Hólmfríður Einarsdóttir**
formaður Félags íslenskra læknaritara

**Heilbrigðisgagnafræðingur gegnir lykilhlutverki varðandi heildstætt utanumhald heilbrigðisupplýsinga og sér til þess að öryggi og aðgengi að þeim sé tryggt.**

Reglugerð heilbrigðisráðherra um að starfsheitið læknaritari breytist í heilbrigðisgagnafræðingur liggur nú fyrir. Í framhaldinu mun nafni Félags íslenskra læknaritara verða breytt í Félag heilbrigðisgagnafræðinga.

Nám læknaritara mun flytjast til Háskóla Íslands frá heilbrigðisbraut FÁ. Nýtt nám í heilbrigðisgagnafræði hefst nú í haust (2019) við HÍ. Nýja námið er fagháskólanám og er skipulögð námsleið innan Læknadeildar HÍ. Námið er 90ECTS eininga fræðilegt og starfstengt nám sem veitir réttindi til að starfa sem heilbrigðisgagnafæðingur. Námið skilar diplómagráðu og þeir sem ljúka því geta sótt um starfsleyfi til Embættis landlæknis til að kalla sig heilbrigðisgagnafræðinga og starfa sem slíkir.

Læknaritarar hafa verið sérstök heilbrigðisstétt frá 1970, þegar félag þeirra var stofnað. Fyrir þann tíma handskrifuðu læknar sjálfir sjúkraskrár og utanumhald um sjúkraskrár var almennt mjög lítið. Læknaritarar fengu löggildingu á starfsheiti sínu árið 1986. Í framhaldi af því var nám í læknaritun sett á laggirnar við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Námið var skipulagt sem 2 ára bóklegt nám og 4 mánaða starfsnám að loknu stúdentsprófi. Námið var þó alltaf á „gráu svæði“ þegar það var staðsett í fjölbrautaskóla. Aðsókn að gamla náminu hefur ekki verið nægilega mikil til að svara þörfum heilbrigðiskerfisins. Á undanförnum árum hafa störf læknaritara tekið miklum breytingum og þörf á nýju námi aukist verulega. Því hefur það lengi verið baráttumál læknaritara að efla námið og koma því á eðlilegan stað í skólakerfinu. Nú er orðinn verulegur skortur á hæfu fólki með fagmenntun til þessara starfa og nýja námið er mikið fagnaðarefni.

**Hvað gerir heilbrigðisgagnafræðingur?**

Heilbrigðisgagnafræðingur hefur sérþekkingu á meðhöndlun heilbrigðisgagna, gæðastöðlum, skilvirkni skráningar og lagaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Hann hefur jafnframt haldgóða þekkingu á heilbrigðiskerfinu og innviðum þess. Heilbrigðisgagnafræðingur starfar sjálfstætt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðhöndlun heilbrigðis- og persónuupplýsinga og þarf að fylgjast vel með nýjungum og framþróun á starfssviði sínu.

Heilbrigðisgagnafræðingur gegnir lykilhlutverki varðandi heildstætt utanumhald heilbrigðisupplýsinga og sér til þess að öryggi og aðgengi að þeim sé tryggt. Hann stýrir og sinnir gæðaeftirliti sem miðar að því að tryggja áreiðanleika gagna og ber ábyrgð á móttöku heilbrigðisupplýsinga, skipulagningu skráninga, kóðun, úrvinnslu og vistun sem og miðlun upplýsinga. Hann tekur þátt í stefnumótun varðandi þróun rafrænnar sjúkraskrár. Hann er tengiliður á milli sjúklinga, fagstétta og annarra hagaðila. Hann skipuleggur og sinnir kennslu og þjálfun annarra heilbrigðisstétta í notkun rafrænnar sjúkraskrár.

Heilbrigðisgagnafræðingur vinnur náið með öðrum heilbrigðisstéttum. Starfsvettvangur heilbrigðisgagnafræðinga er einkum á heilbrigðisstofnunum, opinberum sem og í einkarekstri.

Skráningu í nýtt nám í heilbrigðisgagnafræði við HÍ er nú lokið fyrir fyrstu önnina. Mjög góð aðsókn var að náminu og nokkuð yfir 100 nemendur sóttu um inngöngu. Góðir atvinnumöguleikar eru fyrir heilbrigðisgagnafræðinga þar sem lítil endurnýjun hefur verið í stéttinni síðustu árin og þörfin fyrir hæfan starfskraft er mikil.

*Þeim sem vilja fræðast um námið er bent á vef HÍ, https://www.hi.is/heilbrigdisgagnafraedi*

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST 2019





# Himnaríki hlauparans

Sportís, ein elsta sportvöruverslunin á Íslandi, býður upp á ríkulegt úrval af útivistar- og æfingafatnaði ásamt miklu úrvali af vönduðum hlaupaskóm. →2

Skúli Jóhann Björnsson, eigandi Sportís, segir að það þurfi að huga að ýmsu við val á skóbúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Helga Jóakimsdóttir lét gamlan draum rætast í vor og stofnaði undirfatamerkið Kims. Undirfötin eru bæði þægileg og einföld í sniði.** →4

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Framhald af forsíðu ➪

Sportvöruverslunin Sportís var stofnuð árið 1983 og hafa eigendur fyrirtækisins síðan þá komið víða við í heimi útivistar- og íþróttafatnaðar. Eigandi verslunarinnar, Skúli Jóhann Björnsson, segir að helsta markmið Sportís sé að bjóða upp á gæðavörur frá þekktum merkjum ásamt því að setja ánægju viðskiptavina í fyrsta sæti. „Rauði þráðurinn í okkar vinnu er að vera með vandaðar og góðar vörur sem við vitum að nýtast okkar kúnnum sem best, og veita fyrsta flokks þjónustu,“ segir Skúli.

## Hlaupaskórnir alltaf vinsælir

Segja má að Skúli, sem flutt hefur inn mörg af vinsælustu vörumerkjunum í heimi útivistar- og æfingabúnaðar ásamt fjölskyldu sinni allt frá því á síðustu öld, sé sérlega sjóaður í þessum heimi. Hann segir að hlaupaskórnir njóti alltaf vinsælda og að vörumerkin sem þau bjóði upp á séu í fremsta flokki þegar kemur að gæðum og ánægju viðskiptavina. „Við leggjum mesta áherslu á merkjavörur og að fólk sé ánægt með það sem það kaupir frá okkur,“ segir hann. Skúli segir enn fremur að það sé ekki endilega mikill munur milli árstíða lengur. Nú sé fólk farið að hlaupa fyrr á vorin, hætti seinna á haustin eða hlaupi hreinlega allt árið í kring og því sé nú nokkuð stöðug eftirspurn eftir vönduðum skóbúnaði.

## Mikilvægt að passa fæturna

Skúli segir að það sé afar mikilvægt að vera í vönduðum skóbúnaði áður en farið er að hlaupa. „Hlaupaskór eru gríðarlega mikilvægir fyrir þá sem eru að hlaupa og hreyfa sig,“ segir Skúli. Hann bendir á að það sé í raun ekki svo langt síðan við mannfólkið förum að ganga um á malbiki og að gróft undirlagið fari sannarlega ekki blíðum höndum um viðkvæma fætur okkar. „Mannskepnan er nú einu sinni þannig að hún er ekki gerð fyrir hart undirlag,“ segir Skúli. „Ef þú ætlar að leggja það á skrokkinn að hlaupa eitthvað þá er dempunin lykilatriði.“ Skúli segir líka að það sé nauðsynlegt að skipta reglulega um skó og að sjálfsögðu velja skó í réttri stærð. „Ef skórnir eru of litlir þá getur það verið skaðlegt fyrir tærnar.“

## Vönduð hönnun

Þegar Skúli er spurður út í hvað þurfi helst að hafa í huga við val á hlaupaskóm þá nefnir hann fyrst og fremst mikilvægi góðrar dempunar og vandaðrar hönnunar. „Hjá þeim vörumerkjum sem við bjóðum upp á þá er tæknilega útfærslan og dempunin aðalatriðið,“ segir Skúli. Hann segir að gelpúðarnir í Asics skónum séu sérstaklega gagnlegir fyrir þá sem eru að hlaupa og hreyfa sig mikið. Þeir veiti mikla vörn og styðji við og verndi fæturna. Þá skiptir heildarhönnun skósins einnig miklu máli enda er tilgangurinn sá að tryggja að fólk komist hratt og örugglega á milli staða í breytilegu umhverfi. „Öll bygging skósins skiptir máli, og að hún sé fullkomin að því leytinu til að hún geti skilað þér á leiðarenda án nokkurra vandræða,“ segir Skúli.

## Asics alltaf vinsælir

Eitt af helstu vörumerkjunum sem Sportís býður upp á er hið rótgróna vörumerki Asics. Það eru nú komin hvorki meira né minna en rúm 20 ár síðan Skúli og fjölskylda hófu að flytja inn vörur frá þessu vandaða vörumerki. Skúli segir að skór frá Asics, sem stofnað var í Japan árið 1949, séu ávallt vinsælir meðal atvinnuhlaupara og að fyrirtækið standi framarlega í þróun vandaðra hlaupaskóa. „Helmingur maraþonhlaupara í helstu maraþonhlaupum heims nota Asics,“ segir Skúli. Hann segir að gelpúðatæknin sem Asics hafi verið að þróa undanfarna áratugi sé ein sú besta sem völ sé á og komi sér afar vel fyrir metnaðarfulla hlaupara. „Þessi gelpúðatækni sem þeir hafa verið að þróa er gríðarlega öflug og sterk og ein endingarbesta dempun sem þú getur fengið fyrir kröfuharða hlaupara,“ segir Skúli.



Sportís býður upp á eitt mesta og fjölbreyttasta úrval landsins af vönduðum útivistar- og æfingafatnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Ef þú ætlar að leggja það á skrokkinn að hlaupa eitthvað þá er dempunin lykilatriði.**
>
> Skúli Jóhann Björnsson

## HOKA ONE ONE líka vinsælir

Annað vörumerki sem Sportís er tiltölulega nýfarið að bjóða upp á er bandaríska vörumerkið HOKA ONE ONE en skórnir frá þeim hafa notið mikilla vinsælda í hlaupaheiminum. Skúli telur að hönnun og efni Hoka skónna sé ástæðan fyrir góðum móttökum en skórnir byggja á nýjustu sólatækni. „Þar er á ferðinni tvöfaldur miðsóli úr léttu dempandi efni sem er samt mjög sterkt. Þú hreinlega svífur yfir jörðina í HOKA,“ segir hann. „Þeir hafa slegið rækilega í gegn hjá hlaupurum og ég tala nú ekki um utanvegahlaupurum,“ segir Skúli.

## Ullarfötin sígild

Skúli segir að ullarfötin séu líka alltaf vinsæl meðal viðskiptavina. Eitt af nýrri merkjunum sem Sportís býður upp á er Kari Traa sem segja má að sé sannkallað kvennaveldi. Stofnandi þess er hin norska Kari Traa en hún er margfaldur Ólympíumeistari á skíðum sem hafði alltaf áhuga á hönnun íþróttafatnaðar samhliða skíðamennskunni. Einkennisorð fyrirtækisins eru „For girls by girls“ sem þýðir að vörurnar eru hannaðar af konum fyrir konur.

Í nýjustu línunni frá Kari Traa, sem er bæði litrík og stílhrein, er vönduð 100% merínóull áberandi. Skúli segir að merínóullin sé eins og sniðin að íslenskum aðstæðum, hún sé létt, vönduð og það sem skiptir sennilega mestu máli, þægileg. „Merínóullin er sérstaklega góð fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir ull,“ segir Skúli en ullin er sérlega fíngerð. Hann segir eiginleika ullarinnar njóta sín vel í íslensku veðurfari. „Hún veitir skjól þrátt fyrir að vera létt,“ segir Skúli.

Meðal annarra vörumerkja sem Sportís býður upp á eru Canada Goose, Casall, Reima, GoPro, Douchebags og Zone 3 svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að skoða vöruúrval í versluninni, sem er til húsa í Mörkinni 6, eða á sportis.is.



Góð dempun er mikilvæg þegar velja á hlaupaskó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,




# VERÐHRUN

Verðdæmi
MOS MOSH gallabuxur ~~Verð 19.980~~ **Nú 3.886**
COPENHAGEN SHOES ~~Verð 14.980~~ **Nú 5.992**
GIL BRET frakki ~~Verð 39.980~~ **Nú 15.992**
APANGE kjóll ~~Verð 24.980~~ **Nú 4.996**

## 60-80% afsláttur

*hjá Hrafnhildi*

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjáhrafnhildi.is



Yfirskrift línunnar er óbeisluð orka Brooklyn í New York þar sem Helga bjó.

# Enginn gaur á bak við tjöldin

Helga Jóakimsdóttir lét gamlan draum rætast í vor og stofnaði undirfatamerkið Kims. Undirfötin eru bæði þægileg og einföld í sniði.



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Undanfarin fjögur ár hefur Helga verið búsett í New York, þar sem hugmyndin fór af stað. „Þetta byrjaði allt saman í New York og nú er ég bara að koma merkinu á laggirnar. Vinnan mín í stórborginni veitti mér pláss til að koma þessari hugmynd út í kosmósinn, að gera drauminn að veruleika.“

Helga er lærður kjólaklæðskeri og vann lengi í Lífstykkjabúðinni. Síðan flutti hún til Hollands til að læra fatahönnun, vann svo við búningagerð fyrir auglýsingar og leikhús til dæmis, en alltaf blundaði draumurinn að hanna undirföt. „Svo var það ekki fyrr en í fyrra sem ég ákvað bara að kýla á þetta.“ Þá hafði Helga leitað út um allar trissur að toppi sem hana langaði í en fann hvergi topp sem var bæði þægilegur og klæðilegur. „Þá sprakk þetta allt saman af stað. Ég tók þetta alla leið og henti mér í djúpu laugina.“

## Konur sem hanna fyrir konur

Helga finnur fyrir rísandi bylgju kvenkyns fatahönnuða sem hanna undirföt fyrir konur. „Það eru fleiri konur að hanna fyrir konur, með auglýsingaherferðir sem eiga að höfða til þess sem konur vilja. Þar sem er enginn gaur á bak við tjöldin. Það er það sem mér finnst svo gaman. Eitt af grundvallaratriðunum í minni hönnun er að hún hentar fyrir konur og er ekki með karllægum blæ. Ég held að þessir „push up“ brjóstahaldararisar muni færa sig til hliðar. Auðvitað mega þeir líka vera, en það þarf að vera meira rými fyrir aðra og fjölbreyttari flóru undirfatahönnuða. Það eru til alls konar brjóst og ekki hægt að troða þeim öllum í það sama.“

Í gegnum ferlið að koma fatamerkinu af stað rakst Helga á alls konar veggi og þurfti að aðlaga sig að framandi umhverfi. „En ég lærði bara af því og er tilbúin að miðla og deila þeirri reynslu.“ Stærsta hindrunin var leyndarhyggja fatahönnuða yfir eigin framleiðslu og brögðum. Helga segist upplifa að margir fatahönnuðir virðist hlakka yfir mistökum annarra og vilji ekki aðstoða þá sem eru að stíga sín fyrstu skref.

## Áskorun að offramleiða ekki

Svo er erfitt að finna framleiðanda sem gerir ekki þá kröfu að framleitt sé í gígantísku magni og það setur nýja hönnuði í erfiða stöðu gagnvart risavörumerkjum. Í New York er hægt að velja allt frá litlum textílstofum og heildsölum yfir í risamyllur. „Þú ert með allan þennan skala, en það sem ég var alltaf að lenda í var að framleiðslan yrði að vera hugsuð í massavís. Til að kaupa framleiðslu í myllu þarf maður að kaupa efni í mörg þúsund metra tali. Það gengur ekki fyrir einhvern sem vill ekki sitja uppi með risalager og risakolefnisfótspor. Þar flæktist ferlið. Það er erfitt að byrja að framleiða vöru sem maður vill gera vel án þess að offramleiða hana.“



Helga Jóakimsdóttir lét gamlan draum rætast og stofnaði eigið undirfatamerki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Það eru til alls konar brjóst og ekki hægt að troða þeim öllum í það sama.

Helga brennur fyrir því að nýta siðferðilegar ábyrgar framleiðsluaðferðir sem er hægara sagt en gert fyrir ungan fatahönnuð. „Það var áskorun að hanna vöru sem er „minimal“, það er ekki alls konar glingur og drasl á minni hönnun sem yrði bara aukalandfylling. Fötin eiga að vera einföld og þægileg, framleidd fagmannlega þar sem ekki er brotið á starfsfólki og textílúrgangur er enginn. „Það er það sem vakir fyrir mér.“ Helga leggur mest upp úr því að kúnnanum líði vel í fötunum og hann fái ekki samviskubit vegna þess að fötin séu illa framleidd og með risakolefnisspor. Því eru öll efni og framleiðsla fengin í New York. Til að uppfylla þá kröfu sem Helga gerði til sín hellti hún sér út í heilmikla heimildavinnu um mismunandi framleiðendur stórborgarinnar. „Ég dembdi mér í að skoða allt og finna framleiðanda sem gat gert þetta vel. Ég fór líka á alls konar námskeið og fyrirlestra og talaði við fullt af fólki sem var í sömu sporum og ég.“

## Kostur að reka ekki búð

Helga endaði á að velja Nesis Group til að framleiða undirfötin sem hún segist vera mjög ánægð með. Salan gengur vel en áskorununum er ekki þar með lokið. Núna vinnur Helga hörðum höndum við að kynna vöruna fyrir heiminum. „Það var flókið að koma með vöruna heim og í póstþjónustuna hér. Ég vil að fötin séu líka aðgengileg á Íslandi og eftir samtal við póstþjónustuna er loksins hægt að fá sendingu frítt heim að dyrum.“ Það kom Helgu á óvart að viðskiptamódelið hér gerði ekki ráð fyrir að fá fötin heimsend eins og vaninn er í New York. „Þegar ég bjó úti verslaði ég oft á netinu og allt var sent heim til manns. Það skiptir mig miklu máli að kaupin séu þægileg og að maður fái vöruna beint inn um lúguna. Það er ný hugsun hér á landi, en það er eitthvað sem ég er tilbúin að takast á við.“

Nú getur fólk fengið undirfötin heim til sín hvar sem er á landinu af vefsíðunni Kimsfeels. Helgu finnst það frábært vegna þess að það auðveldar fatahönnuðum og framleiðendum að huga að umhverfissjónarmiðum.

„Neyslumenningin er orðin svo klikkuð. Til að halda vöruverðinu eðlilegu þá er mikilvægt að fatahönnuðir geti sent vöruna beint heim. Þá eru kúnnar bara að borga fyrir framleiðsluna en ekki einhverjum fyrirtækjum sem leigja út búðarpláss.

Það kostar alveg að vera með búð sem kemur niður á vöruverðinu.“ Helga reynir að halda verðinu á sínum vörum sem lægstu, „mér finnst það skipta máli að fötin mín séu aðgengileg öllum.“

## Einhver dularfullur hulduheimur í Reykjavík

Nú þegar Helga er komin heim finnur hún Reykjavíkurandann hellast yfir sig og veita sér innblástur. Á meðan fyrsta undirfatalína Kims er túlkun Helgu á óheftri orku Brooklyn í New York þá er Reykjavíkurblærinn öðruvísi. „Yfirskriftin á línunni er þessi óbeislaða orka og gleði Brooklyn. En ég iða í skinninu að hanna eitthvað sem er í stíl við Reykjavík.“

Aðspurð hvernig Reykjavíkurblærinn sé, segir Helga að hann einkennist af bláma og dularfullri þoku. „Hann er þessar sumarnætur, bláminn og súldin. Það er einhver dularfullur hulduheimur hér, sem ég er alveg heilluð af. Ég hlakka til að fá að demba mér í að leika mér við að hanna línu sem ber reykvískan andblæ.“

Nýjar vörur



Peysa kr. 6.900.-



Buxur kr. 7.990.-



Jakki kr. 10.990.-

Enn er hægt að gera góð kaup á útsölunni.

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030


SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
Rolf PRIMA
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
FULCRUM
ÚTSALA!
- ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR -
CUBE STEREO
CUBE ATTAIN
CUBE AIM "27.5
CUBE RAFMAGNSHJÓL
ParkTool
ParkTool
CUBE FJALLAHJÓL
TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Frá Fendi þegar haustar

Karl Lagerfeld féll frá í febrúar á þessu ári. Þá hafði hann starfað fyrir tískuhúsið Fendi í 54 ár. Þegar haust- og vetrartískan 2019-2020 var kynnt hjá Fendi var það jafnframt síðasta hönnunin sem Karl hafði lagt blessun sína yfir.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Minning Karls Lagerfeld var því heiðruð á sýningunni sem þótti sýna vel listræna hæfileika þessa stórkostlega manns. Þótt Karl hafi að mestu starfað fyrir Chanel var hann einnig listrænn ráðgjafi Fendi. Silvia Venturini Fendi sem er sú eina úr fjölskyldunni sem starfar enn við tískuhúsið kynntist Karli Lagerfeld þegar hún var aðeins fjögurra ára. Hún minnist þess að hann hafi kallað hana „la petite fille triste“ eða dapra litla stúlku. Það voru afi og amma Silviu sem stofnuðu Fendi árið 1925. Lengst af stjórnuðu fyrirtækinu móðir Silviu og fjórar systur. Karl hafði alla tíð mikil áhrif á alla vörulínu fyrirtækisins eða allt frá því hann kynntist móður Silviu, Önnu, í Róm árið 1965. Háir kragar, eins og hann sjálfur klæddist jafnan, voru áberandi í hönnun Fendi.

Silvia segist vera ánægð með hversu haust- og vetrarlínan beri sterkan svip af handverki Karls Lagerfeld, litir eru bæði náttúrulegir og mjög sterkir. Sjálfur klæddist hann ævinlega svörtu. Ein frægasta fyrirsæta heims, Gigi Hadid, var meðal þeirra sem komu fram á sýningunni.

Myndirnar gefa hugmynd um hvað koma skal í haust og vetur frá ítalska tískuhúsinu Fendi. Skemmtileg litasamsetning vekur athygli og um að gera að prófa.



Gigi Hadid í gula kjólnum sem þykir líkjast hönnun sem Karl Lagerfeld var að skissa upp á upphafsárum sínum sem hönnuður.



Ullarjakki með röndum sem eru einkennandi fyrir Fendi.



Ljósir og fallegir litir sem einkenna munu haustið.



NÝJAR VÖRUR STREYMA INN

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Ljósbrúnn litur eða beis verður vinsæll í vetur. Það er óvenjulegt að blanda honum við svona sterkan grænan lit en það kemur skemmtilega út.



Falleg vetrarkápa frá Fendi. Sagt er að kápur verði aftur vinsælar í haust og vetur.



Þótt Fendi hafi fyrst verið þekkt fyrir leður- og skinnvörur sínar þá hefur fatnaðurinn þróast í allar áttir. Hér er til dæmis glæsileg gul regnkápa sem ætti að gefa lífinu lit.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Ed Sheeran

FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST 2019



Ed Sheeran hefur verið á tónleikaferðalagi í tvö ár og spilað á 260 tónleikum um heim allan. Nú fer að styttast í lokin hjá kappanum því héðan heldur hann til Englands þar sem túrinn klárast.

## Risatónleikar í Laugardalnum

**Það er komið að því. Ed Sheeran heldur tímamótatónleika á Laugardalsvelli um næstu helgi, 10. og 11. ágúst. Það seldist upp á fyrri tónleikana á örskotsstundu og var þar með sett Íslandsmet í miðasölu. Aukatónleikum var bætt við daginn eftir sem þýðir að nú stefnir í heimsmet í miðasölu.**

Ed Sheeran hefur þegar slegið tónleikamet sem hljómsveitin U2 átti. Söngvarinn hefur þénað meira á núverandi tónleikaferð sinni en írsku rokkararnir U2 gerðu þegar þeir settu heimsmetið. Tónleikatúr Eds Sheeran, Divide Tour, hófst í mars 2017 og mun klárast síðar í þessum mánuði í Chantry Park í Ipswich á Englandi. Ed þakkaði áheyrendum sínum á Instagram fyrir nokkrum dögum fyrir áhugann og aðsóknina. Hátt í tíu milljónir hafa séð hann á þessu ferðalagi þar sem hann hefur haldið 260 tónleika um allan heim.

Þegar tónleikaferðinni lýkur verður Ed búinn að túra í 893 daga sem er nýtt met. Þetta þykir ótrúlegt afrek hjá tónlistarmanninum sem er aðeins 28 ára. Þá hefur lagið No. 6 Collaborations Project setið nokkrar vikur á topplista breska vinsældalistans. Ed Sheeran er mest spilaði tónlistarmaður í útvarpi á Bretlandseyjum og hefur slegið enn eitt metið þar líka. Hann hefur selt meira en 150 milljónir hljómplatna um heim allan sem gerir hann að einum mest selda tónlistarmanni heims. Tvær plötur hans eru á lista yfir mest seldu plötur sögunnar í Bretlandi.

Ed Sheeran hefur unnið til margra viðurkenndra alþjóðlegra verðlauna. Áhorfendur á Laugardalsvelli geta farið að hlakka til að sjá þessa risastjörnu tónlistarsögunnar á sviði á Íslandi.

**» Hátt í tíu milljónir hafa séð hann á þessu ferðalagi þar sem hann heldur 260 tónleika um allan heim.**

# Lyftir tónleikahaldi hér á næsta stig

## Tónleikar Eds Sheeran, stærstu stjörnu heims, verða þeir langstærstu sem hafa verið haldnir á Íslandi. Koma hans hefur átt sér langan aðdraganda og hann mætir með yfir 1.500 tonn af búnaði.

Það hefur verið mikil vinna að fá Ed Sheeran til landsins, en tónleikarnir urðu að veruleika vegna þess að hann hefur sjálfur mikinn áhuga á að koma til landsins. Umfang tónleikahaldsins er meira en nokkru sinni áður, svo það má segja að þessir tónleikar lyfti íslensku tónleikahaldi á næsta stig.

„Þetta er bara það langstærsta sem hefur verið gert á Íslandi, sama hvaða mælikvarða þú notar,“ segir Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu Live. „Það er gaman að vera að gera eitthvað sem er alveg sögulegt og tekur heilan bransa á Íslandi upp á næsta stig.

Það var ákveðinn vendipunktur þegar við fluttum inn Eagles og svo aftur þegar við fluttum inn Justin Timberlake og svo Justin Bieber,“ segir Ísi. „Núna erum við komin þangað að langstærsta stjarna samtímans er að koma til Íslands að halda langstærstu tónleika sem hafa verið haldnir hér. Ed Sheeran er með hæstu tölurnar á YouTube og Spotify, hann selur mest af tónleikamiðum og hann var að setja met um daginn með þessum túr, sem er sá stærsti allra tíma.“



Ísleifur segir Laugardalsvöll henta vel fyrir svona tónleika. Fyrir aftan hann er verið að reisa stærsta svið sem hefur verið reist á Íslandi, en það er yfirleitt notað fyrir 60-70 þúsund manna tónleika. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Sheeran vill koma til Íslands

„Við héldum Justin Bieber tónleikana með AEG, einu stærsta tónleikahaldsfyrirtæki í heimi. Þau voru svakalega ánægð með allt hér, svo það byrjaði samtal við þau um hvað gæti verið næst og þá kom þetta upp,“ segir Ísi. „Það var fljótlega greinilegt að Ed Sheeran vill koma til Íslands og það hjálpaði mikið í gegnum allt samningaferlið. Hann hefur áhuga á Íslandi, hann hefur verið hérna og hann er aðdáandi landsliðsins okkar, þannig að það var bara farið í að leysa öll mál og þetta látið gerast.“

### Sérstök nálgun á tónleika

„Sheeran er mjög duglegur að halda tónleika og hann er með skemmtilega nálgun, því hann heldur oft fleiri tónleika á hverjum stað en aðrir. Það skiptir hann máli að miðaverðinu sé haldið niðri og hann vill ekki einhver VIP-svæði, forsölu eða sérmeðferð fyrir suma gesti en ekki aðra, heldur vill hann bara að allir séu jafnir,“ segir Ísi. „Svo er hann til í að koma og halda fullt af tónleikum á hverjum stað, þannig að sem flestir hafi tækifæri til að sjá hann. Þessi nálgun er að virka mjög vel og hann er með mjög sterkt samband við sína aðdáendur, sem kunna vel að meta þetta.“

### Langur aðdragandi

„Miðarnir fóru í sölu í september í fyrra og þá var sirka ár af alvarlegum viðræðum að baki. Síðan hefur undirbúningurinn haldið áfram í þetta tæpa ár sem er liðið,“ segir Ísi.

„Til að byrja með snýst þetta allt um grunnatriði. Það þarf að finna dag sem hentar öllum og svo er þetta spurning um peninga, því það að vera með svona túr er eins og að vera með risafyrirtæki á stanslausu ferðalagi,“ segir Ísi. „Það eru rúmlega hundrað manns á launum á hverjum degi og það kostar náttúrulega gríðarlegar upphæðir að senda allan búnaðinn sem þarf. Það kostar líka talsvert meira að koma sér til Íslands og frá því aftur með allan þennan búnað og mannskap en flestra annarra landa. En dæmið gekk upp og þá tóku markaðsmál og skipulag við.

Þetta á sér því langan aðdraganda, en við erum að vinna með svakalega vönu fólki úti sem heldur svona tónleika næstum daglega,“ segir Ísi. „Sena Live er líka með gríðarlega gott teymi sem hefur sýnt það í gegnum árin að það kann að halda tónleika með stærstu stjörnum heims. Ég vil nota tækifærið hér til að þakka því fólki fyrir ótrúlega óeigingjarnt og öflugt starf. Það eru ansi margir í hópnum sem hafa unnið frá morgni til kvölds núna í margar vikur, þetta eru hetjur.“

### Heimsmet í miðasölu

„Miðasalan okkar hlýtur að vera heimsmet, þó við höfum að vísu ekki fengið það formlega staðfest. Það seldust 30 þúsund miðar á fyrri tónleikana og ef við segjum sem svo að það verði 20-25 þúsund manns á þeim seinni þá er þetta komið upp í 15% af mannfjölda í landinu,“ segir Ísi. „Það er eins og ef 50 milljónir mættu á eina tónleika í Bandaríkjunum. Þetta er náttúrulega alveg súrrealískt og þetta hefur örugglega ekki gerst í neinu öðru landi.

Laugardalsvöllur hentar vel fyrir svona tónleika og samstarfið við KSÍ hefur gengið afbragðsvel, en það tekur langan tíma að gera völlinn tilbúinn fyrir svona tónleika. Það er hins vegar allt það vel undirbúið að það hafa ekki verið nein vandamál. Þetta er samt tveggja vikna vinna hér á vellinum með her manns í vinnu frá morgni til kvölds,“ segir Ísi. „Afraksturinn verður tilkomumikill þegar fólk mætir, því sviðið eitt er sjón að sjá.“

### Nokkrar tölur:

- Vel yfir 1.500 tonn af búnaði flutt til landsins í 55 gámum. Þar af eru 20 trukkar sem keyrðu frá Seyðisfirði.
- Um 150 útlendingar koma hingað til að starfa við tónleikana, en alls verða næstum 1.000 manns í vinnu tengdri tónleikunum á tónleikadögunum.
- Vel yfir 200 ljós verða í notkun á tónleikunum. Auka rafstöðvar hafa verið settar upp til að anna eftirspurninni eftir rafmagni.
- Sviðið er notað fyrir 60-70 þúsund manna tónleika og er það langstærsta sem hefur verið sett upp á Íslandi. Það er um 50 metrar á lengd og 700 fermetrar, vegur 200 tonn og nær 20 metra upp í loftið.
- Sviðið var sérhannað fyrir Sheeran fyrir þremur árum og er sérstakt að því leyti að það vísar út á við, en ekki inn, þannig að það sést vel á sviðið frá öllum sjónarhornum.

# Draumur að rætast

## Glowie mun hita upp fyrir Ed Sheeran og verða það fyrstu tónleikarnir sem söngkonan heldur á Íslandi í tvö ár.

Á Facebook-síðu söngkonunnar segir hún frá því að henni hafi aldrei dottið í hug að hún myndi einhvern tímann hita upp fyrir Sheeran. „Þetta er draumur að rætast og ég er svo spennt!“

Síðasta ár hefur Glowie verið búsett í London. Í viðtali við Fréttablaðið sem var birt í maí á þessu ári segir Glowie frá því að hún hafi breyst og þroskast mikið á veru sinni í stórborginni. Það hefur verið nóg að gera sem söngkonunni þykir gott. Þó nýtir hún hvert tækifæri sem gefst til að heimsækja Ísland og segist sakna íslenskrar náttúru. „Ég sakna þess líka að sjá hafið og íslensku fjöllin, drekka hreina vatnið og anda að mér fersku og köldu lofti heima.“ Þegar Glowie óx ír grasi leitaði hún oft í einveruna í íslenskri náttúru, sem er hvergi að finna í London þó borgin sé frábær á sinn hátt.

> **„Ég sakna þess líka að sjá hafið og íslensku fjöllin, drekka hreina vatnið og anda að mér fersku og köldu lofti heima.**

Á Instagram-síðu Glowie kemur fram að þótt það sé tilfinningarússíbani að búa í landi langt frá fjölskyldu og vinum, líði henni eins og hún tilheyri stórborginni. Um þessar tilfinningar fjallar lagið Where I belong, tilfinningar sem vakna við London-veruna og einmanaleikann. Lagið er á samnefndri EP-plötu söngkonunnar sem kom út þann 14. júní.

Á þeirri plötu hefur lagið I'm good vakið mikla athygli en það hefur verið spilað oftar en 700.000 sinnum á Spotify. Lagið var meðal annars sett á lagalistann Pop before it breaks á YouTube, á listanum eru lög eftir tónlistarmenn á borð við Sam Smith, Zöru Larsson og Taylor Swift.

Vinsælasta lagið á plötunni er eins og stendur lagið Cruel, sem hefur fengið yfir milljón spilanir á Spotify og sömuleiðis á YouTube. Nýju lögin hennar Glowie eru samin af meðal annars af Juliu Michaels og Taylu Parx. Julia hefur samið fyrir stórstjörnur á borð við Justin Bieber, Demi Lovato, Britney Spears og Selenu Gomez og Tayla hefur samið fyrir Ariönu Grande, Jennifer Lopez, Rihönnu og Mariu Carey. Glowie virðist vera á hraðri leið upp á stjörnuhimininn og hver veit nema Ed Sheeran hiti upp fyrir hana næst.



Glowie er á hraðri leið upp á stjörnuhimininn.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is



Fjarðarkaup og Góa
kynna með stolti
Jólagestir
Björgvins
21. - 22. DESEMBER Í HÖRPU
FOR-FORSALA HEFST 22. ÁGÚST!
AUÐUR · BIRGITTA HAUKDAL · FRIÐRIK ÓMAR · GDRN · GISSUR PÁLL · JÓN JÓNSSON
SVALA · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓLASTJARNAN 2019
STÓRSVEIT JÓLAGESTA UNDIR STJÓRN ÞÓRIS BALDURSSONAR · STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR · REYKJAVÍK GOSPEL COMPANY UNDIR STJÓRN ÓSKARS EINARSSONAR
KARLAKÓRINN ÞRESTIR UNDIR STJÓRN ÁRNA HEIÐARS KARLSSONAR · BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA UNDIR STJÓRN ÁLFHEIÐAR BJÖRGVINSDÓTTUR DANSARAR ÚR DANSSKÓLA SIGURÐAR HÁKONARSONAR
HANDRIT BJÖRN G. BJÖRNSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON
Góa Stofnað 1968
FK FJARÐARKAUP
Skráðu þig í for-forsöluna á senalive.is/jolagestir eða jolagestir.is
Takmarkað magn í boði á ferna tónleika
sena LIVE!

#EDSHEERANÍSLAND

# GÓÐA SKEMMTUN

# ED SHEERAN

## TÓNLEIKADAGARNIR

LAUGARDA

LAUGARD




**1 INNGANGUR NÝJA STÚKAN**
Munið að hafa pappírsmiða, kvittun og skilríki meðferðis. Opið frá kl. 16.00 báða tónleikadagana.

**2 INNGANGUR STÆÐI**
Munið að hafa pappírsmiða, kvittun og skilríki meðferðis. Opið frá kl. 16.00 báða tónleikadagana.

**3 INNGANGUR GAMLA STÚKAN**
Munið að hafa pappírsmiða, kvittun og skilríki meðferðis. Opið frá kl. 16.00 báða tónleikadagana.

**4 4 EÐA FLEIRI SAMAN Í BÍL**
Engjavegur frá Glæsibæ er eingöngu opinn þeim sem ætla að leggja við Skautahöllina og eru með fjóra eða fleiri í bíl. Öðrum bílum er bannaður aðgangur.

**5 BÍLASTÆÐI 4 EÐA FLEIRI SAMAN**
Takmarkað framboð. Aðeins fyrir bíla með fjórum eða fleiri farþegum. Öðrum bílum er bannaður aðgangur.

**6 BÍLASTÆÐI HREYFIHAMLAÐRA**
Eingöngu fyrir hreyfihamlaða. Mælt er með að hreyfihamlaðir nýti sér ferðaþjónustu fatlaðra.

**7 AÐDÁENDASVÆÐI (FAN ZONE)**
Opið frá 12.00-01.00 báða tónleikadaga. Snemminnritun, veitingar og varningur í boði.

**8 SLEPPISVÆÐI**
Við Laugardalslaug og Glæsibæ er hægt að hleypa farþegum út og sækja svo að tónleikum loknum.

**9 LOKUÐ GATA**
Reykjavegur verður lokaður allri bílaumferð báða tónleikadaga frá kl. 12.00 á hádegi.

**10 LOKUÐ GATA/TAKMÖRKUN**
Á vesturleið er Suðurlandsbraut lokuð frá Grensásvegi til Kringlumýrarbrautar og á austurleið er Suðurlandsbraut lokuð á milli Lágmúla og Vegmúla á meðan á tónleikum stendur báða dagana

**11 SÆTAFERÐIR TIL OG FRÁ KRINGLU**
Ókeypis sætaferðir milli Kringlunnar og Laugardalsvallar hefjast kl. 15:30 báða tónleikadaga. Að auki er ókeypis í strætó á höfuðborgarsvæðinu báða dagana gegn framvísun tónleikamiða. Við mælum með þessum ferðamáta.

**12 REIÐHJÓLASTÆÐI**
Aðstaða til að geyma hjól fyrir þá sem koma á hjóli. Við mælum með þessum ferðamáta.

**VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ AÐ ÞEIR SEM GETI HJÓLAÐ EÐA GENGIÐ Á STAÐINN GERI ÞAÐ. AÐRA HVETJUM VIÐ TIL AÐ TAKA LEIGUBÍL EÐA NÝTA SÉR ÓKEYPIS STRÆTÓ OG SÆTAFERÐIRNAR FRÁ KRINGLU, ÞAR SEM TAKMARKAÐ FRAMBOÐ ER AF BÍLASTÆÐUM Í NÁGRENNI VIÐ LAUGARDALSVÖLLINN. EINNIG HVETJUM VIÐ FÓLK TIL AÐ NÝTA SÉR SNEMMINNRITUN.**

Suðurlandsbraut

TBR

Glæsibær

8 SLEPPISVÆÐI

## SNEMMINNRITUN 7

Innritaðu þig fyrirfram í **aðdáendasvæðinu við Laugardalshöll** frá kl. 12.00 á tónleikadögum. Mættu með **pappírsmiðana** (sem þú fékkst í Ed Sheeran búðinni í Kringlunni), **skilríki** og **kvittun** og allir í hópnum fá sérstakt snemminnritunararmband.

Armbandið gerir öllum í hópnum kleift að ganga inn á Laugardalsvöllinn þegar hverjum og einum hentar en völlurinn opnar kl. 16.00.

AEG PRESENTS

NÁNARI UPPLÝSINGAR


N Á ED SHEERAN!
12:00 Fan Zone opnar
15:30 Sætaferðir hefjast milli Kringlu og Laugardalsvallar
16:00 Laugardalsvöllur opnar
18:00 Glowie
18:45 Zara Larsson
19:45 James Bay
21:00 Ed Sheeran
23:00 Áætluð lok*
ALSVÖLLUR
ALUR
SVIÐ
STÆÐI
NÝJA STÚKAN
GAMLA STÚKAN
INNGANGUR NÝJA STÚKA
HÓLF
A·B·C·D·E·F·G·H·I
TIX
P - INNGANGUR
WC
INNGANGUR STÆÐI
INNGANGUR STÆÐI
INNGANGUR GAMLA STÚKA
HÓLF
J·K·L·M·N·O·P·R·S·T
VARNINGUR
VEITINGAR
SALERNI
FYRSTA HJÁLP
UPPLÝSINGAR + TAPAÐ & FUNDIÐ
FYRIR HREYFIHAMLAÐA
REYKINGASVÆÐI
TIX MIÐASALA
LÆKNAR Á LANDAMÆRA
: SENALIVE.IS/ED-FAQ
*DAGSKRÁ GETUR RIÐLAST OG ER BIRT MEÐ FYRIRVARA
ATH: DRÓNAFLUG ER BANNAÐ Í OG VIÐ LAUGARDALSVÖLL Á MEÐAN Á TÓNLEIKUM STENDUR, Í SAMRÁÐI VIÐ LÖGREGLU

# Eitt stórt Öskubuskuævintýri

**Ed Sheeran hefur lagt mikið á sig til að ná þangað sem hann er í dag. Öll lögin á þriðju plötu hans, ÷ eða Divide, hafa náð einu af 20 efstu sætum breska vinsældalistans, plöturnar rokseljast og hann spilar alltaf fyrir fullu húsi.**



**Bubbi segir að Ed Sheeran hafi þennan x-factor sem margir leita að.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ferill Eds Sheeran er eitt stórt Öskubuskuævintýri,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens. „Hann rís úr öskunni. Hann var ekki neitt. Bara strákur með gítar að syngja, en hann náði að heilla alla og hefur náð alveg rosalega langt.“

Eins og margir aðdáendur söngvarans eflaust vita átti hann frekar erfitt uppdráttar sem barn. Hann stamaði og var lagður í einelti bæði vegna stamsins og vegna þess að hann notaði stór gleraugu. Ed Sheeran hefur sagt frá því í viðtölum að hann hafi hætt að tala í skólanum út af stríðninni en stamið virtist aftur á móti ekki há honum þegar kom að því að syngja. Hann fékk því útrás í gegnum tónlistina. Hann byrjaði ungur að spila á götum úti til að reyna að koma sér áfram í tónlistarbransanum. Hann hætti í skóla og flutti til London þar sem hann leitaði uppi staði til að spila á og sófa til að gista á þess á milli. Ed var staðráðinn í að koma sér á framfæri og þessi staðfesta hans virkaði heldur betur.

„Hann slær öll met, hann er tekjuhæsti tónlistarmaðurinn, hann selur aldrei færri en 30 þúsund miða á tónleikana sína og upp í 100 þúsund. Hann nær svo vel til fólksins. Það sem er sérstakt við Ed Sheeran er að hann er ekki þessi venjulega poppstjarna. Hann er ekki besti gítarleikarinn eða besti söngvarinn. En hann hefur þennan x-factor. Hann býr yfir gæðum. Það er galdurinn,“ segir Bubbu.

Bubbi stefnir á að fara á fyrri tónleika söngvarans í Laugardalshöllinni á laugardaginn.

„Svo fer fjölskyldan á seinni tónleikana. Allavega hluti hennar,“ segir Bubbi.






**Björgvin verður einn af þúsundum Íslendinga sem ætla að sjá Ed Sheeran á risasviði á Laugardalsvelli um helgina og hlakkar til.** FRETTABLADID/VALLI

# Glæsileg vegferð

Björgvin Halldórsson er spenntur að sjá Ed Sheeran á tónleikum og segir að hann sé ein stærsta stjarnan í dag. „Ég hef fylgst með honum nokkuð og velgengni hans í tónlistarbransanum. Glæsileg vegferð hans er alveg ótrúleg,“ segir Björgvin og bætir við að hann sé sjálfsögðu að fara á tónleikana.

„Ég verð að sjá hvernig þetta er gert tæknilega á vellinum og er mjög spenntur að sjá hvernig hann gerir þetta. Ed Sheeran er vanalega einn á sviðinu með stórt pedalabretti fyrir framan sig sem hann stjórnar af prýði. Hann hljómar eins og heil hljómsveit,“ segir hann.

Björgvin segist eiga von á góðum tónleikum og að áhorfendur eigi eftir að taka virkan þátt í lögunum hans. „Miðasala upp á um það bil 50.000 plús miða segir meira en nokkur orð. Ekki má gleyma Senalive sem gerir allt fyrsta flokks. Vonum sömuleiðis að veðrið haldi,“ segir Björgvin sem er einn af okkur reyndustu tónleikahöldurum.

> **„Ég hef fylgst með honum nokkuð og velgengni hans í tónlistarbransanum. Glæsileg vegferð hans er alveg ótrúleg.**

REYKJAVÍK
LOVES

#reykjavikloves

ICELANDAIR
FOUNDING SPONSOR

# ICELAND AIRWAVES

REYKJAVIK NOV 6 — 9 2019



## LISTAMENN SEM TILKYNNTIR HAFA VERIÐ

Æ Mak. Agent Fresco. Akkan. Alexandra Stréliski. Alyona Alyona. Amanda Tenfjord. Anna of the North. Aron Can. Ásta. Auðn. Auður. Axel Flovent. aYia. Bagdad Brothers. Berndsen. Bessie Turner. Between Mountains. Biggi Veira (GusGus DJ Set). Blanco White. Blóðmör. Boy Azooga. Bríet. Cautious Clay. Ceasetone. Elín Sif. Free Love. Gabríel Ólafs. GDRN. Georgia. girl in red. Glass Museum. Grísalappalísa. Hatari. Helge. Hildur. Hrím. Hugar. IamHelgi. Ivan Dorn. JFDR. John Grant. Just Mustard. Kælan Mikla. Konfekt. Krassasig. Mac DeMarco. Mammút. Matthildur. Morpholith. Moses Hightower. Murkage Dave. Niklas Paschburg. Of Monsters And Men. Ólöf Arnalds. Orville Peck. PAVVLA. Penelope Isles. Pillow Queens. Pip Blom. Pottery. Seabear. Shame. Siv Jakobsen. Snapped Ankles. SONS. Svavar Knútur. Sykur. The Garrys. The Howl & The Hum. Tiny Ruins. Une Misère. Vök. W. H. Lung. Warmduscher. Warmland. Whitney.

## FYLGIST MEÐ Á NÆSTUNNI!

ICELANDAIRWAVES.IS #AIRWAVES2019

City of Reykjavík · Heineken · TVG-ZIMSEN · CENTER HOTELS · Hertz · JOE & THE JUICE



**Sheeran slær hvert aðsóknarmetið á fætur öðru.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Ed Sheeran sló aðsóknarmet U2

Fleiri gestir mættu á tvenna tónleika Eds Sheeran í Helsinki 23. og 24. júlí en mættu á stærstu tónlistarhátíðina þar í landi, Ruisrock. Gestirnir á tónleikunum voru samtals 108.000 sem eru 3.000 fleiri en mættu á hátíðina. Með tónleikunum var slegið gamalt aðsóknarmet á tónleika í Finnlandi, en frá því árið 2010 átti U2 metið með 104.000 gesti.

Á Íslandi er talan í kringum fjórum sinnum fleiri gestir. Fyrri tónleikarnir seldust upp á mettíma en 30.000 miðar voru í boði á þá tónleika. Reiknað er með um 25.000 gestum á seinni tónleikana sem þýðir að reikna má með að 15% landsmanna sjái Ed Sheeran á Laugardalvelli um helgina.

### Nokkrar staðreyndir

- Þrjátíu mínútum áður en miðasalan hófst voru tæplega 15 þúsund manns í stafrænni biðröð eftir miðum.
- Sagt er að nokkrir hafi frestað brúðkaupum vegna tónleikanna.
- Verslun var opnuð í Kringlunni um miðjan júlí þar sem Ed Sheeran-varningur er seldur auk þess sem miðar eru afhentir þar.
- Gleðiganga Hinsegin daga verður farin viku seinna í ár en venja hefur verið. Ein ástæðan er stórtónleikar Eds Sheeran í Laugardalnum.
- Ed Sheeran flytur inn eigið svið fyrir tónleikana sem var sérhannað fyrir hann fyrir þremur árum.



**Ed Sheeran heilsar aðdáendum sínum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Efstur á Spotify næstefstur á YouTube

Ed Sheeran er með tæplega 73 milljónir hlustenda mánaðarlega á tónlistarveitunni Spotify. Það gerir hann að þeim listamanni sem mest er hlustað á í hverjum mánuði á tónlistarveitunni. Lagið Shape of you með Ed Sheeran er í efsta sæti yfir mest spiluðu lög frá upphafi Spotify en það hefur verið spilað rúmlega tvö þúsund milljón sinnum frá því það kom út í janúar árið 2017. Þrjú lög með Ed Sheeran hafa náð yfir þúsund milljón spilunum á Spotify, aðeins einn annar listamaður hefur náð því en það er Justin Bieber. Myndbandið við lagið Shape of you hefur verið skoðað 4,3 milljón sinnum á YouTube og er þar með í öðru sæti á eftir myndbandinu við Despacito með Luis Fonsi.

# Ed Sheeran var jólagjöfin

Birta Björnsdóttir, fréttamaður á RÚV, er ein þeirra þúsunda sem ætla að sjá Ed Sheeran um helgina. Tónleikarnir komu upp úr jólapökkunum hjá henni. „Í viðleitni til að gefa jólagjafir sem taka ekki skápapláss en skila kannski góðum minningum ákvað ég að gefa eldri börnunum mínum miða á tónleikana síðustu jól. Ég yrði líklega seint kjörin formaður aðdáendaklúbbs Sheeran en finnst hann virka viðkunnanlegur og vinalegur auk þess sem hann á þó nokkur ágætis lög,“ segir Birta og bætir við að hún hlakki mikið til að sjá hvað komi upp úr þessum 50 gámum sem fylgja Sheeran til landsins. „Ég býst við mjög flottum tónleikum,“ segir hún.

Birta hefur ekki séð stjörnuna áður á tónleikum en hún hefur fylgst með fréttum af honum. „Það voru fréttir af því þegar margir brjáluðust yfir því að honum brá fyrir í Game of Thrones og svo þegar hann tók ástfóstri við íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu. Og svo hef ég auðvitað heyrt lögin hans í útvarpinu,“ segir Birta og hlakkar mikið til að fara með krökkunum sínum og upplifa tónleikana í gegnum þau.



**Birta Björnsdóttir ætlar ekki að missa af Ed Sheeran.**







TVG-ZIMSEN

FLUTNINGSMIÐLUN

# MAGNAÐUR TÓNLISTARFLUTNINGUR

# Victoria's Secret ræður transkonu

Nærfatarisinn Victoria's Secret hefur ráðið transgender fyrirsætu til sín í fyrsta sinn. Fyrirsætan Valentina Sampaio hefur verið ráðin í herferð fyrirtækisins fyrir PINK-fatalínuna.



Ed Razek sagðist aldrei myndu ráða transgender fyrirsætu í sýningarnar.



Valentina Sampaio verður fyrsta transkonan til að koma fram á sýningu hjá Victoria's Secret. NORDICPHOTOS/GETTY











Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Valentina Sampaio virðist vera í skýjunum með ráðninguna en hún birti færslu um málið á Instagram-síðu sinni. Fréttinni hefur verið vel tekið bæði í tískuheiminum og LGBTQ+ samfélaginu, en hamingjuóskir til fyrirsætunnar ungu hafa hrúgast inn í athugasemdum við færsluna.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hin 22 ára gamla Valentina ryður brautina fyrir transfólk. Hún var einnig fyrsta transgender fyrirsætan sem sat fyrir á forsíðu frönsku útgáfu tímaritsins Vogue fyrir rúmum tveimur árum. Seinna sama ár birtist hún á forsíðu bæði brasilísku og þýsku útgáfu tímaritsins.

Victoria's Secret hefur setið undir gagnrýni fyrir að sýna ekki nógu mikla fjölbreytni í vali á fyrirsætum sínum. Þrátt fyrir að fyrirtækið sé farið að sýna fólk af fjölbreyttari uppruna og litarhætti en áður sætir það enn gagnrýni fyrir að sýna ekki nóg af fólki með ólíkt vaxtarlag. Sumir halda því þess vegna fram að ráðning Valentinu sé liður í að reyna að fegra ímynd fyrirtækisins.

Fyrrverandi markaðsstjóri Victoria's secret, Ed Razek, sagði á síðasta ári í viðtali við Vogue, að hann teldi ekki ástæðu til að vera með transgender fyrirsætur á tískusýningum fyrirtækisins. Hann hélt því fram að sýningarnar væru fantasía og gaf þannig í skyn að transkonur ættu ekki heima í slíkri fantasíu. Eins sagði hann að þau hefðu reynt að hafa sérstakan þátt í sjónvarpi með fyrirsætum í stærri stærðum árið 2000 en enginn hefði haft áhuga á því og enginn hefði áhuga á því í dag heldur. Markaðsstjórinn baðst afsökunar á ummælum sínum eftir að mikil neikvæð umræða skapaðist um þau á samfélagsmiðlum.

**Daginn eftir að ráðning Valentinu var gerð opinber birtist frétt þess efnis að markaðsstjórinn Ed Razek væri hættur störfum.**



Mörgum þótti lítið til afsökunarbeiðninnar koma og trúðu því ekki að hún væri einlæg. Því eru margir sem efast um að ráðning Valentinu sé annað en yfirklór. Daginn eftir að fréttir bárust af ráðningu Valentinu birtist frétt þess efnis að Ed Razek hefði hætt störfum hjá Victoria's Secret. Það má því vona að fyrirtækið hafi lært eitthvað af gagnrýninni og að ráðning Valentinu sé upphaf breyttra tíma hjá Victoria's Secret.

# Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu

Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1 í Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili eða sumarhús sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is





**SMART - einbýli**

Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti. Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi. Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning frá kr. **27.600.000** með vsk.



**KLASSIK - einbýli**

Fjölmargar stærðir og útfærslur tryggja hagkvæmt fullbúið einbýlishús eftir þínum óskum. Fjöldi teikninga. Gott úrval klæðninga, vandaðir veggir og gluggar tryggja góða endingu.



**SÓL - sumarhús**

Fjölmargar stærðir og skemmtilegar útfærslur tryggja þér vandað, vel einangrað sumarhús á góðu verði.



**KÓSÝ - smáhýsi**

Hin vinsælu smáhýsi okkar hafa verið framleidd árum saman og fást í fjölmörgum útfærslum eftir þörfum hvers og eins.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**
- **100m² einbýlishús kostar aðeins 14,6 millj. við verskmiðjudyr, tilbúið með álklæðningu á einingum, fullglerjuðum gluggum og hurðum.**

**HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**

**SMART EINBÝLI: NÝTT EINBÝLISHÚS FRÁ 27,6 MILLJÓNUM**

Twin Wall

**HÚSEINING**

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



Heidi og Tom á brúðkaupsdaginn. Myndina birti ofurfyrirsætan á Instagram-síðunni sinni.

## Ástfangin og nýgift Heidi Klum

Ofurfyrirsætan Heidi Klum gekk í það heilaga um helgina með gítarleikaranum Tom Kaulitz. Heidi er 46 ára og Tom 29 ára. Þau giftu sig um borð í glæsilegri snekkju, Christina O, við eyjuna Capri á Ítalíu. Snekkjan var áður í eigu auðmannsins Aristóteles Onassis. Hann kvæntist Jackie Kennedy um borð í snekkjunni. Brúðkaupsveisla Grace Kelly og Rainiers fursta af Mónakó fór einnig fram í þessari snekkju svo hún er sögufræg. Snekkjan var fagurlega skreytt bleikum og hvítum blómum. Klum og Tom trúlofuðu sig í desember á síðasta ári. Þau kynntust í fyrra og sáust fyrst saman á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Heidi hefur tvisvar verið gift áður, fyrst hárgreiðslumeistaranum Ric Pipino frá 1997-2003 og síðan listamanninum Seal frá 2005-2014. Hún á fjögur börn úr fyrri samböndum.

Heidi hefur sett myndir af sér og Tom á brúðkaupsdaginn á Instagram. Jafnframt hefur hún sett inn myndir af þeim á hinni fallegu eyju Capri.



Fyrirsætur á tískupallinum.

## Ákall um aukna ábyrgð tískurisa

Spjót tískuheimsins beinast nú gegn undirfataframleiðandanum Victoria's Secret en samtökin Model Alliance hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem stjórnendur fyrirtækisins eru hvattir til þess að leggja sitt af mörkum við að vernda fyrirsætur gegn kynferðisofbeldi.

Í bréfinu, sem meðal annars Christy Turlington skrifar undir, segir að öryggi og velferð ungra fyrirsætna sé ógnað. „Á undanförnum vikum höfum við heyrt fjölmargar ásakanir um kynferðisofbeldi, meintar nauðganir og mansal á fyrirsætum og upprennandi fyrirsætum,“ segir í bréfinu.

„Þessar frásagnir eru óhugnanlegar og kunnuglegar fyrir margar okkar sem hafa lent í svona ofbeldi sem er alltof oft leyft að viðgangast í þessum iðnaði.“

Í bréfinu er einnig vísað til fjölda nýlegra mála þar sem valdamiklir menn hafa komist upp með að beita ofbeldi, jafnvel árum saman, í skjóli valdsins.

# 10. áratugurinn kemur aftur

Tíska 10. áratugarins hefur verið að dúkka upp undanfarið. Margt sem var ómissandi rétt fyrir aldamótin virðist orðið ómissandi aftur. Það er því ekki úr vegi að kíkja inn í geymslu og vita hvort ekki leynist þar einhverjar gersemar. Buffaloskór voru eitt það allra heitasta og eflaust margir sem gátu ekki ímyndað sér að þeir kæmu nokkurn tímann upp á yfirborðið aftur. En það var rangt. Nú prýða þeir hillur tískuverslana og seljast eins og heitar lummur.

**» Hlýrakjólar yfir stuttermaboli sjást nú aftur á tískupöllunum og úti á götum.**

Bomber-jakkar voru líka mjög vinsælir þennan áratuginn. Þetta voru mittissíðir svartir jakkar, fóðraðir og appelsínugulir að innan. Þeir sem ekki áttu slíkan jakka á árunum 1991-1992 voru ekki velkomnir í klíkuna. Þessir jakkar eru komnir aftur í tísku en þó í ögn fjölbreyttari litum og útfærslum.

Annar stíll frá 10. áratugnum sem hefur sést á tískupöllunum nýlega eru hlýrakjólar yfir stuttermaboli. Það er spurning hvenær sú samsetning fyllir alla ganga í grunn- og menntaskólum hér á landi.



Bolur, kjóll yfir og hermannaklossar. NORDICPHOTOS/GETTY

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
KJÚKLINGUR Í ANANASSÓSU
SVÍNAKJÖT Í KUNG PAOSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið virka daga
kl. 11:00 - 22:00
Helgar
kl. 16:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 158.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Heilsa

### Nudd

**NUDD**
Heilsunudd. Opið frá 10-20. Einnig um helgar S. 832 8863.

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

Getum bætt við okkur verkefnum, öll málningarvinna. Áratuga reynsla. Einar S: 832-6017. Tölvup. malarinnmikli@gmail.com

## Vélstjóri

óskast á Jón á Hofi ÁR 42 sem gerður er út frá Þorlákshöfn.

Óskað er eftir réttindamanni, en stærð aðalvélar er 729 kW. Umsóknir má senda á jonpall@rammi.is, upplýsingar í síma 899 1785.

RAMMI

FISKISTOFA

## Leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2019/2020

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2019/2020, sbr. reglugerð nr. 795, 30. ágúst 2013, um veiðar á sæbjúgum, með síðari breytingum.

Sækja skal um veiðileyfi í UGGA, upplýsingagátt Fiskistofu og skulu fylgja umsókninni upplýsingar um veiðar umsækjenda á sæbjúgum þrjú síðustu fiskveiðiár og samningur um vinnslu á sæbjúgum í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða.

**Umsóknarfrestur er frá 9. ágúst til og með 15. ágúst 2019.**

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984
535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
Félag fasteignasala – Þorlákur Ómar Einarsson löggiltur fasteignasali



## VERSLUN TIL LEIGU Í STYKKISHÓLMI

**Allur rekstur á versluninni við Aðalgötu 25 Stykkishólmi er til leigu ásamt húsnæði.**

Um er að ræða, verslun, söluturn og grill. Miklir möguleikar fyrir duglegan einstakling eða fjölskyldu. Frábær staðsetning við tjaldstæðið.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:
**Þorlákur Ómar Einarsson**
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399
thorlakur@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*



**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 3/2017, ekinn 62 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
Verð kr. 3.790.000
Afborgun kr. 48.075 á mánuði



**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 10/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.690.000
Tilboð kr. 2.490.000
Afborgun kr. 31.639 á mánuði



**Peugeot 5008 Style 7 manna**
Nýskráður 6/2016, ekinn 77 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.390.000
Afborgun kr. 30.375 á mánuði



**Peugeot 108 Active**
Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km., bensín, beinskiptur.
Verð kr. 790.000
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 5/2017, ekinn 39 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 1.990.000
Tilboð kr. 1.790.000
Afborgun kr. 22.789 á mánuði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.

ÞREKTÆKI

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



Fullt af öflugu sölufólki!

hagvangur.is

HAGVANGUR

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna**

Capacent_

capacent.is


ORMSSON
Sparidagar
fyrir heimilin í landinu
AEG 15-40% afsláttur
15-40% AF AEG HEIMILISTÆKJUM
UPPÞVOTTAVÉLAR, ÞVOTTAVÉLAR, OFNAR, RYKSUGUR, ÞURRKARAR, SMÁTÆKI OG HELLUBORÐ
de BUYER
25% afsláttur
POTTAR OG PÖNNUR
Airforce
VIFTUR OG HÁFAR
20-70% afsláttur
BRAUN SMÁDÓT
20-30% afsláttur
Tefal
POTTAR OG PÖNNUR
30% afsláttur
15% afsláttur
A+++
SAMSUNG
Á SPARIDAGAVERÐI
UPPÞVOTTAVÉLAR, ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR, FRYSTI- OG KÆLISKÁPAR
Pioneer
HLJÓMTÆKJASTÆÐUR OG HEYRNATÓL
20% afsláttur
HÁTALARAR OG BASSABOX
Klipsch
20% afsláttur
brabantia
RUSLAFÖTUR OG BÚSÁHÖLD
20% afsláttur
10% afsláttur
SAMSUNG QLED 2019
QLED Q70 PQI 3300
VERÐ ÁÐUR: SPARIDAGAVERÐ
49" 239.900 => 215.910
65" 359.900 => 323.910
75" 539.900 => 485.910
Gerð: QLED / Sería: 7 / Stærð: 55" - 138cm / Upplausn: 3840 x 2160 / Curved: Nei / PQI: 3300 / HDR: Quantum HDR 1000 / HDR10+: Já
55"
Q70R
2019 QLED
Real 4K Resolution
•Quantum Processor 4K •Quantum Dot •Color Vol100% •Q HDR
Verð áður kr. 269.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 242.910,-
SAMSUNG
50"
Gerð: Smart Ultra HD / Sería: 6 / Stærð: 50" / Upplausn: 3840 x 2160 / Curved: Nei / PQI: 1300 / HDR: Já
Verð áður kr. 109.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
ormsson
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS
*SENDUM UM LAND ALLT
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

# Meiri sæstrengjasteypa



**Bjarni Már Magnússon**
prófessor við lagadeild HR og forstöðumaður Alþjóða- og Evrópuréttarstofnunar HR

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari hefur farið mikinn í þjóðmálaumræðunni um þriðja orkupakkann og ekki sparað stóru orðin. Nýverið hélt hann því fram að EES-samningurinn væri sérsamningur sem gangi framar almennum þjóðréttarsamningnum og að almennar reglur þjóðaréttar eigi ekki við á sviði Evrópuréttar eins og áréttað hafi verið í dómaframkvæmd.

Af þessari hugmynd dómarans leiðir að það á ekki að skýra ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði vöru til samræmis við ákvæði hafréttarsamningsins SÞ um sæstrengi. Þetta hefur töluverða þýðingu því eins og undirritaður hefur rakið á þessum vettvangi leiðir af hafréttarsamningnum, í samræmi við fullveldi ríkja, að ríki ráða því hvort lagður sé sæstrengur inn fyrir 12 sjómílna landhelgi þess.

**Rangar fullyrðingar**
Þessari hugmynd voru gerð góð skil í Staksteinum Morgunblaðsins í síðustu viku og á vef Morgunblaðsins. Umræddar fullyrðingar dómarans eru rangar. Þær stangast á við 216. gr. sáttmálans um starfshætti ESB (e. Treaty on the Functioning of the European Union), tugi dóma Evrópudómstólsins, sameiginlega yfirlýsingu aðildarríkja EES-samningsins um tengslin milli samningsins og annarra gildandi samninga á þeim tíma sem EES-samningurinn var gerður, dóma EFTA-dómstólsins, 31. gr. Vínarsamningsins um milliríkjasamninga (e. Vienna Convention on the Law of Treaties), skrif fræðimanna um tengsl Evrópuréttar og þjóðaréttar og þeirrar viðleitni alþjóðlegra dómstóla síðustu áratugi að halda hinu alþjóðlega regluverki heildstæðu.

**Samræmi**
Of langt mál er að rekja efni ofangreindra heimilda. Í stuttu máli þá er Evrópuréttur almennt skýrður til samræmis við þjóðarétt enda ESB sem og EES-samstarfið reist á þjóðréttarsamningum. Benda má á að öll aðildarríki EES-samningsins eru aðilar að hafréttarsamningnum auk þess sem ESB sjálft er aðili að honum. Í því samhengi skal hafa í huga 2. mgr. 216. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem segir að samningar, sem ESB geri, séu bindandi fyrir stofnanir þess og aðildarríki. Af hverju ætti ESB því ekki að virða reglur hafréttarsamningsins um sæstrengi í samskiptum sínum við Ísland?

**Af hverju ætti ESB því ekki að virða reglur hafréttarsamningsins um sæstrengi í samskiptum sínum við Ísland?**

**Hvar er sæstrengjaskyldan?**
Að lokum er rétt að benda á að engum hefur tekist að sýna fram á nákvæmlega með hvaða hætti innleiðing þriðja orkupakkans eða ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði vöru leiði til þess að íslenska ríkið verði skuldbundið til að leyfa lagningu sæstrengs til eða frá Íslandi sem flytur raforku til annars ríkis. Í því samhengi þýðir ekki að vísa til almennra stefnumarkmiða í inngangsorðum eða meginreglna.

Hvernig væri að styðjast í meira mæli við staðreyndir í orkupakkaumræðunni?

# Bylting eða blóðbað?



**Helgi Steinar Gunnlaugsson**
master í alþjóðasamskiptum frá Háskólanum í Peking

Mánudaginn 5. ágúst átti sér stað fyrsta víðtæka verkfallið sem Hong Kong hefur séð í fimm áratugi. 14 þúsund starfsmenn í 20 starfsgeirum lögðu niður vinnu og hafði það mikil áhrif á alla borgina. Flugvöllurinn í Hong Kong neyddist til að aflýsa hundruðum flugferða og hafa strandverðir á sólarströndum borgarinnar meðal annars verið fjarverandi. Slík verkföll eiga sér nánast aldrei stað í Hong Kong. Íbúar þar hafa ávallt verið mjög duglegir og líta á það að mæta til vinnu sem sjálfsagðan hlut, en atburðir undanliðinna vikna hafa breytt miklu.

Mótmælin í Hong Kong eru nú að skríða inn í sína níundu viku og ekkert lát virðist vera á þeim aðgerðum. Upphaflega snérust þessi mótmæli um tillögu í umdeildu lagafrumvarpi sem hefði leyft framsal einstaklinga frá Hong Kong til meginlands Kína. Á þessum tímapunkti eru aðstæðurnar farnar að skýrast. Ef samkomulag næst ekki á milli beggja hliða þá eru vaxandi líkur á því að þetta muni annaðhvort enda í byltingu eða blóðbaði.

Til að skilja hvað er að gerast núna í Hong Kong þarf einnig að skilja forsöguna á bakvið þessa núverandi pattstöðu milli stjórnvalda og mótmælenda. Þegar mótmælin á Torgi hins himneska friðar voru bæld niður árið 1989 var tekin ákvörðun um að stjórnvöld myndu aldrei aftur leyfa slíkri hreyfingu að ná þeirri stærðargráðu sem hún gerði. Þeim frjálslyndu hugsjónum sem sumir innan kommúnistaflokksins höfðu fegrað var öllum fleygt út fyrir endurkomu löghyggju og harðstjórnar. Efnahagsgróði tryggir áframhaldandi valdastöðu kommúnistaflokksins og til að viðhalda honum þarf flokkurinn að standa vörð um stöðugleika. Stjórnvöld í Peking hafa að vísu takmarkað vald þar sem Hong Kong er ekki kínversk borg, heldur sjálfstjórnarsvæði. Stefnugerðin sýndi sig samt sem áður árið 2014 í regnhlífarbyltingunni svokölluðu. Leiðtogar mótmælenda voru á endanum handteknir og dæmdir til fangelsisvistar. Sú ákvörðun er líklega ástæða þess að flestir sem eru nú að mótmæla á götum Hong Kong eru grímuklæddir og forðast einhvers konar leiðtogatitla.

Þetta er einnig ástæða þess að það hefur reynst svo erfitt að stöðva mótmælin. Viðræður ganga ekki upp ef mótmælin eru leiðtogalaus og varla er hægt að handtaka tugþúsundir manna. Stjórnvöld eru komin í mjög erfiða stöðu þar sem hvorki táragas, handtökur né notkun glæpasamtaka virðist hafa hvatt mótmælendur til að snúa aftur heim til sín. Það eina sem eftir er væri að senda alþýðuherinn inn í borgina en sú ákvörðun er varla framkvæmanleg. Kína myndi að öllum líkindum mæta harðri gagnrýni frá umheiminum og ef íbúar Hong Kong sjá fyrir sér mögulega skothríð myndu jafnvel þeir sem sitja á hliðarlínunni snúast gegn stjórnvöldum.



**Sú harðlínustefna stjórnvalda að bæla strax niður allt það sem ógnar valdastöðu flokksins er einmitt það sem er að koma í bakið á þeim núna.**

Sú harðlínustefna stjórnvalda að bæla strax niður allt það sem ógnar valdastöðu flokksins er einmitt það sem er að koma í bakið á þeim núna. Viðræður við lýðræðissinnaða mótmælendur og ráðamenn árið 2014 hefðu ekki kostað stjórnvöld neitt. Það hefði einnig sýnt tortryggnum íbúum Hong Kong að heilbrigt samstarf við Peking væri mögulegt. Þvert á móti var því samstarfi hent út fyrir handtökur og nú eru afleiðingar þeirra ákvarðana orðnar augljósar. Ef koma á í veg fyrir óreiðu og mannfall verða einhvers konar viðræður að hefjast sem allra fyrst. Ef það gerist ekki er aðeins tímaspursmál hvenær fyrsta skotinu verður hleypt af.

# Sýnilegar og ósýnilegar breytingar



**Elín M. Stefánsdóttir**
kúabóndi og stjórnarformaður Mjólkursamsölunnar

Árið 1930 tók til starfa Mjólkurbú Ölfusinga sem talið var á þeim tíma eina mjólkurbúið á Norðurlöndum og líklega víðar þar sem jarðhiti var notaður við mjólkurvinnslu. Auglýsti búið árið 1933 að það væri „Eina Mjólkurbúið á Íslandi sem rekið er með íslenskum aflgjafa“. Vandamál við framleiðsluna m.a. vegna skorts á nægjanlegri þekkingu á auðlindinni og kælitækni varð til þess að búið varð því miður gjaldþrota árið 1938. Við lærðum síðar að nýta betur þessa mikilvægu orkulind okkar. Þótt þessi tilraun og draumur manna um jarðhitanotkun árið 1930 hafi ekki raungerst yfir í allan mjólkuriðnaðinn af þessu merkilega búi notum við í dag innlenda endurnýjanlega orkugjafa í framleiðslunni til að framleiða skyr, ost og pakka mjólk. Tilraunin var þess virði því oftast þarf mistök til þess að ná að lokum árangri.

Í dag stefnum við flest að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og víða í heiminum er unnið gott starf. Kúabændur, fyrirtæki í þeirra eigu, alþjóðastofnanir og aðrir sem starfa við mjólkurvinnslu víða um heim átta sig á að í því felast bæði áskoranir og tækifæri og er unnið að sjálfbærniverkefnum víða um heim.

Innanlands höfum við íslenskir kúabændur frá árinu 1990 aukið nyt kúa um 60% en á sama tíma hefur íslenskum kúm fækkað um 16%. Við erum því að fá meiri mjólk úr færri gripum með betri fóðrun, betri dýravelferð og tækninýjungum. Við eigum til að mynda heimsmet í notkun sjálfvirkra mjaltaþjóna þar sem kýrnar ganga lausar og sjá sjálfar um að fara í mjaltir, og geta sjálfar ráðið því hvenær þær éta eða liggja.

Erlendis hafa einnig verið sett markmið sem taka á vandamálum sem eru ólík þeim sem við stöndum frammi fyrir. Til dæmis hafa kanadískir bændur minnkað ferskvatnsnotkun um 6% og Ástralar ætla að draga úr notkun sýklalyfja til þess að vernda dýrin en einnig til þess að halda aðgengi okkar mannfólksins að þessum nauðsynlegu lyfjum. Sem dæmi frá þróunarríkjum hafa Indverjar séð tækifæri í að valdefla konur gegnum framleiðslu og vinnslu á mjólk sem verður til þess að auka möguleika á því að treysta framfærslu milljóna fjölskyldna.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi um hvernig framleiðsla á mjólk hefur tekið breytingum í átt að sjálfbærari framleiðslu og þar eigum við bændur mikið inni, bæði hvað varðar orkunotkun og fóðuröflun, en þetta á einnig við vinnsluna. Á Íslandi hefur Mjólkursamsalan til að mynda fært mjólkina í fernur sem bera 66% minna kolefnaspor, nota 90% endurunnið plast í glæru skeiðalokin og skeiðalausu lokin og fullnýta það hráefni sem til fellur svo matarsóun sé með minnsta móti í framleiðsluferlinu.

**Kúabændur, fyrirtæki í þeirra eigu, alþjóðastofnanir og aðrir sem starfa við mjólkurvinnslu víða um heim átta sig á að í því felast bæði áskoranir og tækifæri og er unnið að sjálfbærniverkefnum víða um heim.**

Svona eru margar breytingar í átt að sjálfbærara samfélagi okkar sýnilegar eða ósýnilegar í okkar daglega lífi og tilraunanna virði.

ht.is

# RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

# Vonandi lyftistöng fyrir landsliðið

**Íslenska kvennalandsliðið mun eiga fimm fulltrúa í sænsku 1. deildinni í íshokkí í vetur. Gott skref til að bæta leik sinn og tækifæri til að komast í eina sterkustu deild Evrópu, segir þjálfari liðsins.**



Silvía Björgvinsdóttir skorar eitt af átta mörkum sínum fyrir Ísland í annarri deild á HM í íshokkíi á Spáni síðasta vor. MYND/IIHF/RAZVAN PASARICA

**ÍSHOKKÍ** Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí mun eiga fimm fulltrúa í sænsku 1. deildinni í íshokkí á næsta ári. Fjórir leikmenn koma beint frá Skautafélagi Akureyrar en Herborg Rut Geirsdóttir kemur frá Noregi eftir að hafa leikið í efstu deild þar í landi. Herborg samdi við HE 71 í úrvalsdeildinni en mun leika með Sögu Blöndal hjá Troja Ljungby í vetur á láni í næstefstu deild, Silvía og Sunna Björgvinsdætur sem eru þó ekki skyldar munu leika með Södertälje og Ragnhildur Kjartansdóttir mun leika með Färjestad BK.

Jón Benedikt Gíslason, þjálfari kvennalandsliðsins, tekur því fagnandi að sjá leikmenn íslenska landsliðsins fara utan og spila þar.

„Þetta er eitthvað sem við hjá landsliðinu þurftum á að halda, að leikmenn fari utan og fái meiri reynslu. Þarna spila þær á hærra stigi og geta tekið miklum framförum. Þarna er líka meiri möguleiki á að tekið verði eftir því hvað þær eru að gera og tækifæri opnast á að fara enn lengra og jafnvel í atvinnumennsku. Þetta er góður staður til að sýna sig og sanna,“ segir Jón Gísli um tækifæri leikmanna sinna.

Áhuginn á íshokkí er mikill í Svíþjóð og hefur sænska kvennalandsliðið yfirleitt verið í fremstu röð.

„Efsta deildin í Svíþjóð er sú sterkasta í Evrópu, það jaðrar við að hún sé atvinnumannadeild og það eru atvinnumenn í öllum liðum. Bestu leikmennirnir frá Evrópu eru í Svíþjóð og nokkrar frá Ameríku.“

Saga, Silvía, Sunna og Ragnhildur vöktu athygli í æfingaferðum til Svíþjóðar, bæði með Skautafélagi Akureyrar og íslenska landsliðinu.

„Þetta byrjaði allt í æfingaferð SA til Svíþjóðar, þar vöktu stelpurnar athygli þjálfara sænsku liðanna því þær voru að yfirspila andstæðinga sína. Seinna komu þær aftur í æfingaferð með landsliðinu og mættu liði sem innihélt sænska landsliðskonu og aftur voru þær að yfirspila andstæðinga sína.“

Allar fjórar eru ungar að aldri, Silvía er elst, rétt rúmlega tvítug, en Saga verður sextán ára síðar á árinu.

„Auðvitað vonast maður til þess að þær nái allar að komast fljótlega í stórt hlutverk hjá sínum liðum og verði fljótlega orðnar meðal bestu leikmanna deildarinnar. Það opnar möguleikana á að komast upp í efstu deildina,“ segir Jón Gísli og tekur undir að þetta muni jafnvel gera það að verkum að fleiri íslenskir leikmenn fari út til Svíþjóðar.



Íslenska liðið fékk bronsverðlaunin í riðli Íslands á HM. MYND/ÍHÍ/MAGNÚS

> **Það eru of margir leikir hér heima sem eru ójafnir en erlendis þarftu alltaf að vera upp á þitt besta í öllum leikjum.**
>
> Jón Benedikt Gíslason, þjálfari kvennalandsliðsins í íshokkí

„Á sama tíma eru þær að opna glugga fyrir fleiri íslenskar stelpur til að fara út og leika erlendis ef þessar stelpur standa sig vel í Svíþjóð. Það eru margar efnilegar stelpur á Íslandi sem eru að bíða eftir tækifærum.“

Íslenska kvennalandsliðið leikur í annarri deild á HM í vetur og fer riðill Íslands fram á Akureyri. Síðast þegar mótið fór fram á Íslandi lenti íslenska liðið í fjórða sæti í riðlinum en hefur undanfarin tvö ár fengið bronsið í riðli Íslands.

„Vonandi verður þetta lyftistöng fyrir landsliðið og kemur okkur á næsta stig þegar við verðum með leikmenn erlendis. Þær fá reynslu sem mun nýtast okkur með landsliðinu. Getan er til staðar hjá liðinu en skortur á reynslu hefur verið okkar Akkilesarhæll,“ segir Jón Gísli aðspurður út í næsta verkefni landsliðsins.

„Síðast vorum við með mjög ungt lið þar sem það vantaði nokkra af reynslumeiri leikmönnum liðsins. Þá þurftu stúlkur undir tvítugu að bera uppi sóknarleikinn sem var mikið á þær lagt en nú fá þær að kynnast því erlendis í leikjum sem var ekki í boði hér á Íslandi síðustu ár. Það eru of margir leikir hér heima sem eru ójafnir en erlendis þarftu alltaf að vera upp á þitt besta í öllum leikjum.“

kristinnpall@frettabladid.is

# Frábær lokakafli dugði íslenska liðinu ekki í Portúgal

**KÖRFUBOLTI** Það voru millimetrar sem skildu liðin að í 80-79 sigri Portúgals á Íslandi ytra í undankeppni EuroBasket 2021 í gærkvöld. Tryggvi Snær Hlinason náði góðu skoti fyrir sigrinum á lokasekúndu leiksins og fór boltinn hálfa leiðina ofan í en af hringnum rann boltinn aftur upp úr. Er þetta í annað sinn á ellefu mánuðum sem íslenska liðið þurfti að sætta sig við tap gegn Portúgal þrátt fyrir góða spilamennsku. Portúgal leiðir því í riðlinum en Ísland og Sviss sem mætast í Laugardalshöll á laugardaginn eiga leik til góða.

Ljóst er að íslenska liðinu dugar ekkert annað en sigur gegn Sviss ef liðið ætlar sér að komast í lokakeppni EuroBasket þriðja skiptið í röð. Síðast þegar liðin mættust í Laugardalshöll vann Ísland sextán stiga sigur fyrir þremur árum en núna kemur miðherjinn Clint Capela sem hefur leikið með Houston Rockets í NBA-deildinni undanfarin ár með svissneska liðinu til Íslands.

Leikurinn var kaflaskiptur og skiptust liðin á áhlaupum framan af leik. Ísland byrjaði fyrsta og annan leikhluta vel en heimamenn áttu fínar rispur undir lok leikhlutanna og munaði tveimur stigum í hálfleik. Liðin héldu áfram að skiptast á körfum í upphafi seinni hálfleiks en þegar líða tók á þriðja leikhluta virtist Portúgal vera að stinga af.




Martin reyndist Portúgölunum erfiður viðureignar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Með 16-7 kafla náði Portúgal ellefu stiga forskoti um miðbik fjórða leikhluta þegar Ísland átti í stökustu vandræðum með að stöðva gott boltaflæði Portúgalana. Þá skellti íslenska liðið í lás í varnarleiknum og fór að saxa á forskot Portúgals. Ísland komst tvisvar einu stigi yfir á lokamínútum leiksins en þremur sekúndum fyrir leikslok tókst Pedro Pinto að setja niður sigurkörfuna yfir Hlyn Bæringsson þrátt fyrir góða vörn íslenska liðsins.

Martin Hermannsson fór fyrir íslenska liðinu í sóknarleiknum með 33 stig og áttu Tryggvi, Hörður Axel Vilhjálmsson og Jón Axel Guðmundsson allir lipra spretti í sókninni. – kpt

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**998 kr./kg**

**Fisherman Þorskur**
Frosinn, roð- og beinlaus




**1.098 kr./kg**

**Fisherman Ýsa**
Frosin, roð- og beinlaus




**1.298 kr./kg**

**Fisherman Þorskhnakkar**
Frosnir, roð- og beinlausir




**1.998 kr./kg**

**Fisherman Lax**
Frosinn, beinhreinsaður




**1.798 kr./kg**

**SG Kótelettur í raspi**
Foreldaðar, beinlausar

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.495 kr./kg**

**SS Lambalæri**
Með kryddjurtum

## Ný uppskera!

ÍSLENSKT
gjörið svo vel




**359 kr./500 g**

**Leynir Gulrætur**
500 g




**359 kr./1 kg**

**Íslenskar kartöflur**
Gullauga eða rauðar, 1 kg

# BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **11. ágúst** eða meðan birgðir endast.



Bróðir minn, mágur og föðurbróðir,

**Anton Geir Sumarliðason**

Meiðastöðum, Garði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 2019. Útför hans fer fram frá Útskálakirkju mánudaginn 12. ágúst nk. klukkan 14.00.

**Guðlaugur Björn Sumarliðason, Sigrún Sigurgestsdóttir, Sigurgestur Guðlaugsson, Tómas Vignir Guðlaugsson**



Ástkær eiginmaður minn,

**Guðbergur Þorvaldsson**

búsettur í Danmörku,

lést í Reykjavík þann 27. júlí. Jarðað verður frá Laugarneskirkju í dag, 8. ágúst, klukkan 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,
Nanna Arthursdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Ámundason**

bifreiðastjóri,

lést á Vífilsstöðum sunnudaginn 4. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 19. ágúst kl. 13.

**Ólafía Margrét Ólafsdóttir**
**Ólafur Guðmundsson** **Kristín Sigfúsdóttir**
**Edda Sigríður Sigurbjarnad.**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Sigurður Björn Guðmundss.**
**Ámundi Guðmundsson** **Inga Birna Björnsdóttir**
**Bergþóra Njála Guðmundsd.** **Örn Baldursson**
**Hjalti Guðmundsson** **Helga Áslaug Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Vilhjálms Hannessonar**

Marargrund 5, Garðabæ.

**Guðmunda Ólöf Jónsdóttir**
**Sólveig Vilhjálmsdóttir** **Haraldur Emilsson**
**Hanna Vilhjálmsdóttir**
**Arndís Vilhjálmsdóttir** **Eggert Jón Magnússon**
**og barnabörn.**



Ástkær mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**

(Ragna)

lést á Hjúkrunarheimilinu Hömrum Mosfellsbæ 2. ágúst. Jarðarförin fer fram í Fossvogskirkju þann 12. ágúst kl. 15.00.

**F.h. þeirra sem elskuðu hana,**
**Karl F. Karlsson** **Sigríður Jóhannsdóttir**
**Lilja Britta Karlsdóttir**
**Kristine Erla Olson**
**Eva Karlsdóttir** **Ellert A. Ingimundarson**
**Agnes Kristjónsdóttir** **Ragnheiður Kristjónsdóttir**




Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR
540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is




Hátíðinni er ætlað að sýna þá miklu grósku sem er í íslensku handverki.

# Handverkshátíð í Eyjafjarðarsveit

Markmið hátíðarinnar er að sýna gestum fjölbreytt íslenskt handverk og þá miklu grósku, þann metnað og miklu fagmennsku sem er í íslensku handverki,“ segir Heiðdís Halla Bjarnadóttir sem er önnur af framkvæmdastýrum Handverkshátíðarinnar á Hrafnagili í Eyjafirði. Þessi fjölsótta sumarhátíð verður haldin í 27. sinn um helgina.

Heiðdís segir handverksfólkið koma víða að af landinu. Alls eru 105 hönnuðir og handverksfólk að sýna og selja fatnað, keramik, snyrtivörur, textílvörur og skart.

„Á útisvæði hátíðarinnar er til að mynda hægt að bragða á og kaupa góðgæti beint frá býli á bændamarkaði. Hjálparsveitin Dalbjörg og Ungmennafélagið Samherjar sjá um veitingasölu sem er mikilvæg fjáröflun félaganna ár hvert,“ segir Heiðdís.

Hún segir að ýmsar uppákomur verði í boði alla dagana, til að mynda sýning á gömlum traktorum og svokallaðar miðaldabúðir.

Heiðursgestur hátíðarinnar er alþýðulistamaðurinn Hreinn Halldórsson sem skapar tréskúlptúra og styttur er bera nöfn og sérkenni úr íslenskum bókmenntum og sígildum ævintýrum. Verk hans verða til sýnis á hátíðarsvæðinu.

Heiðdís segir hátíðina vera samvinnu alls samfélagsins í Eyjafjarðarsveit. „Allir taka þátt. Ungmennafélagið, slysavarnasveitin, kvenfélögin, hestamannafélagið, Búsaga og Lionsklúbburinn, koma að undirbúningi, uppsetningu og vinnu við hátíðina.“

Hún segir hátíðina vera fyrir unga sem aldna sem vilja auðga andann og eiga skemmtilega upplifun í Eyjafjarðarsveit.

Handverkshátíðin í Eyjafjarðarsveit er haldin við Hrafnagilsskóla 10 km sunnan við Akureyri og verður opin frá fimmtudegi til sunnudags klukkan 11-18.

**david@frettabladid.is**



## Skartgripir unnir með aldagamalli aðferð

Hildur Marinósdóttir, handverkskona á Akureyri, er einn sýnenda á Handverkshátíðinni í Eyjafjarðarsveit.

Hildur segist alla tíð hafa haft mikla ánægju af handavinnu en fyrir fáeinum árum hætti hún að vinna og því hefur gefist meiri tími fyrir áhugamálið sem er að hanna og búa til skartgripi með aldagamalli aðferð sem kallast orkering.

„Orkering er það kallað þegar blúndur eru hnýttar með þar til gerðri skyttu, eða sérstakri orkeringarnál. Gjarnan er notast við orkeringu í dúka, blúndu til skreytinga á peysufötum, blúndu á skírnarkjóla og skart svo fátt eitt sé nefnt. Ég framleiði aðallega skart og gluggaskreytingar þar sem stuðst er við gamlar uppskriftabækur og sæki innblástur í gamalt íslenskt skart,“ segir hún.

Á hátíðinni kynnir Hildur, auk orkeraðra skartgripa, heklaða bangsa og fleira. Hún segist gjarnan blanda saman munstrum sem geri hvert og eitt verk einstakt. „Öll mín verk eru að fullu handunnin. Ég notast við mjög fínt heklugarn og leik mér með mismunandi litasamsetningar, en umfram allt hefur íslensk hönnun alltaf verið í hávegum höfð hjá mér,“ segir Hildur.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Guðmundsson**

frá Beigalda,

verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 15. ágúst 2019, kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Steinunn Þórdís Árnadóttir**
**Alda Árnadóttir**
**Sesselja Árnadóttir** **Eggert Aðalsteinn Antonsson**
**Guðmundur Árnason** **Ragna Sverrisdóttir**
**Lilja Árnadóttir** **Jón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Kristófer Pálsson**

frá Hálsi við Grundarfjörð, áður til heimilis að Tröð í Fróðárhreppi,

verður jarðsunginn frá Grundarfjarðarkirkju, laugardaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Þórunn Sigurrós Kristinsdóttir**
**Hjörtur Guðjón Guðmundsson** **Vineta Karimova**
**Sædís Helga Guðmundsdóttir** **Ólafur Marinósson**
**Skarphéðinn Magnús Guðmundsson** **Þórdís Bjarney Guðmundsdóttir**
**Kristinn Þorbergur Sigurjónsson** **Martha Castilla Noriega**
**Samúel Guðmundur Sigurjónsson** **Ragnheiður I. Þórólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, og langamma,

**Oddný Sigurrós Gunnarsdóttir**

(Rósa í Hvammi)

húsfreyja að Hvammi í Skaftártungu,

lést mánudaginn 29. júlí á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum. Útför hennar fer fram frá Grafarkirkju í Skaftártungu laugardaginn 10. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta hjúkrunarheimilið Klausturhóla á Kirkjubæjarklaustri njóta þess.

**Oddsteinn R. Kristjánsson**
**Gunnar Kr. Oddsteinsson** **Sigurbjörg Kr. Óskarsdóttir**
**Inga Björt H. Oddsteinsdóttir** **Brandur Jón Guðjónsson**
**Kristbjörg Elín Oddsteinsdóttir** **Tryggvi Agnarsson**
**Páll Símon Oddsteinsson** **Jónína Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lára Ingibjörg Ágústsdóttir**

lést þann 24. júlí sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingibjörg Hauksdóttir** **Sverrir Ólafsson**
**Þór Hauksson** **Guðný María Jónsdóttir**
**Ásgerður Hauksdóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**barnabörn og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

# Markaðstorg

## Frá fimmtudegi til sunnudags




Það verður markaðsstemning í IKEA frá fimmtudegi til sunnudags. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Komdu og gerðu frábær kaup á völdum vörum, bæði **smávöru og húsgögnum**.

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2019

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðan 5-13 m/s, skýjað og rigning eða súld á köflum norðanlands, annars bjartviðri að mestu. Víða rigning norðan- og austan til í dag. Hiti 5 til 10 stig, en 12 til 17 stig sunnanlands að deginum.

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 6 |
| Ísafjörður | 3 | 5 |
| Akureyri | 7 | 7 |
| Egilsstaðir | 11 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 13 | 1 |
| Hveravellir | 3 | 6 |

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 5 |
| Ísafjörður | 4 | 6 |
| Akureyri | 8 | 5 |
| Egilsstaðir | 12 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 13 | 0 |
| Hveravellir | 4 | 7 |

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 5 |
| Ísafjörður | 4 | 6 |
| Akureyri | 4 | 2 |
| Egilsstaðir | 8 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 14 | 1 |
| Hveravellir | 4 | 7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Napur
5 Skel
6 Í röð
8 Slaga
10 Samtök
11 Félaga
12 Fjögur
13 Fengur
15 Skark
17 Kúgun

**LÓÐRÉTT**
1 Afturkippur
2 Sýta
3 Fataefni
4 Farvegir
7 Tabú
9 Hringsóla
12 Bráðræði
14 Gapa
16 Tveir eins



**LÁRÉTT:** 1 bitur, 5 aða, 6 áb, 8 krussa, 10 sa, 11 vin, 12 fern, 13 afli, 15 glamur, 17 ánauð.
**LÓÐRÉTT:** 1 bakslag, 2 iðra, 3 tau, 4 rásir, 7 bannorð, 9 sveima, 12 flan, 14 flá, 16 uu.

## Skák
Gunnar Björnsson

Karaklajic átti leik gegn Evans í Bognor Regis árið 1962.

**1.... Dxg5+!! 2. Dxg5 Bxg5+ 3. Kxg5? h4! 0-1.** Fjórtán íslensk ungmenni tefla á EM ungmenna í Bratislava í Slóvakíu. Fjórir íslenskir skákmeistarar tefla á alþjóðlegu móti í Riga í Lettlandi.

**www.skak.is:** EM ungmenna.

Svartur á leik



## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




-20%

**1.239 kr/kg**

**VENJULEGT VERÐ 1.549**
20% AFSLÁTTUR!
GILDIR TIL 11. ÁGÚST 2019




-20%

**143 kr**

**VENJULEGT VERÐ 179**
20% AFSLÁTTUR!
2L
GILDIR TIL 11. ÁGÚST 2019

**799 kr**

VÍNBER LÍFRÆN
500g



**209 kr**

**REMA 1000**
KARTÖFLU STRÁ
125g




## 2 FYRIR 1 AF FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI

REMA 1000




ÁN OFNÆMISVALDA




**577 kr**

**2 FYRIR 1 - 1L**
KEYPTU BRÚSA AF FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI FRÁ **REMA 1000** OG FÁÐU ANNAN Í KAUPBÆTI





SUPER 1
**HALLVEIGARSTÍG 1**



SUPER 1
**SMIÐJUVEGI 2**



**OPIÐ**
**10:00 TIL 22:00**
**ALLA DAGA**

KVIKMYNDIR

**The Lion King**

★★★☆☆

**Leikstjórn:** Jon Favreau
**Aðalhlutverk:** Donald Glover, Beyoncé, Chiwetel Ejiofor, James Earl Jones



Flottir og raunverulegir eru þeir, frændurnir Simbi og Skari. Glæsilegt útlitið þvælist þó fyrir þeim. Aðallega vegna þess að mannamál fer illa í skolti og túlkurinn David Attenborough er fjarri góðu gamni.

# Krúttlegur óþarfi

